



FRÉTTABLAÐIÐ



Óvist er hvað það var í samræðum Boris Johnson og Angelu Merkel sem kom henni í opna skjöldu á opunardegi loftslagsráðstefnunnar í Glasgow í gær. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands, stigur á sviði í dag og kynnir markmið og loftslagsáætlun Íslands til næstu ára og segir hún að nefnd Íslands muni tala fyrir metnaðarfullum aðgerðum. SJÁ SÍÐU 8

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Starfsmenn skóla kærðir fyrir brot gegn barni

lovisa@frettabladid.is

Miðlæg rannsóknardeild lögreglu rannsakar ásakanir um innilokun barns. Meint brot eru talin varða við bæði hegningarlög og barnalög.

LÖGREGLUMÁL Kennari og þrjú starfsmenn grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu hafa verið kærðir til lögreglu vegna meðferðar á barni og meintra brota á hegningarlögum og barnalögum. Barnið var

að minnsta kosti tvisvar lokað eitt inni í skólanum. Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir að embættið hafi mótttekið kærur er varðar ofbeldi gegn barni í skóla á starfssvæðinu.

„Rannsókn er þegar hafin en ekki verða veittar frekari upplýsingar um framgang hennar að svo komnu máli,“ segir Grímur í svari til Fréttablaðsins.

Innilokanir barna og aðskilnaður



Innilokun barna og útilokun frá samnemendum er til athugasemjar hjá umboðsmanni Alþingis.

þeirra frá samnemendum sínum eru til skoðunar hjá umboðsmanni Alþingis, sem ítrekaði um miðjan síðasta mánuð fyrirspurn frá því í fyrra, til bæði menntamálaráðuneytisins og fjögurra sveitarfélaga á bæði höfuðborgarsvæðinu og Akureyri, um slík mál eftir að embættinu höfðu borist ábendingar. Frestur þeirra til að svara rann út í gær og eru svörin að tínast inn samkvæmt svari frá umboðsmanni Alþingis. Einn skólanna óskaði eftir stuttum viðbótarfresti og var hann veittur.

Eftir umfjöllun Fréttablaðsins um fyrrnefnda athugun umboðsmanns hafa blaðinu borist ábendingar um mál af þessum toga, sem varða nokkra skóla á höfuðborgarsvæðinu. Sömu sögu er að segja af umboðsmanni Alþingis. Aðspurð segir Vilhelmina Ósk Sigurðardóttir, sérfræðingur hjá embættinu, að viðbrögð og ábendingar sem þeim hafa borist eftir umfjöllun fjölmiðla um málið, sýni að það hafi verið rétt ákvörðun að hefja athugun á málinu á ný. ■



Rafmagnaður fjölskyldubíll
drifinn krafti íslenskrar orku

Audi Q4 e-tron 35 Basic Verð 6.590.000 kr.

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · www.hekla.is/audisalur



5
ÁRANGUR



Rjúpnaveiðitímabilið hófst á hádegi í gær og stendur til 30. nóvember.

Rjúpnaveiðin hófst í gær

thk@frettabladid.is

VEIÐI „Það er minna sólarljós og það er það sem maður er kannski mest hræddur við varðandi þessa styttingu, að við lendum í því að leita að mönnum,“ segir Aðalsteinn Júlíusson, varðstjóri hjá lögreglunni á Akureyri, varðandi breytt fyrirkomulag í veiðum á rjúpu.

Rjúpnaveiðitímabilið hófst á hádegi í gær en tvísýnt var um það hvort rjúpnaveiði yrði leyfð sökum lágs veiðipóls. Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra ákvað hins vegar að veiðar yrðu leyfðar en einungis frá hádegi og þar til tekur að dimma. Veiðar eru leyfilegar föstudaga–þriðjudaga 1.–30. nóvember.

Fyrsti veiðidagurinn fór ágætlega af stað á Norðausturlandi, að sögn Aðalsteins. Allt var með kyrrum kjörum en veðrið var þó ekki upp á sitt besta. „Það var ausandi rigning og skítaveður þannig að það er ekkert víst að það hafi margir farið í dag,“ sagði Aðalsteinn. ■

Múgur og margmenni á miðnæturopnun



Það var múgur og margmenni á miðnæturopnun í Kringlunni í gær og þessir strákar voru meðal þeirra sem léku listir sínar fyrir gesti. Líklega hafa margir byrjað á jólagjafainnkaupum þar sem ýmis tilboð voru í gangi og farið er að styttest á jólin. Í dag er 51 dagur þar til aðfangadagur rennur upp. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Dómari skammaði lögmenn Zúistabræðra

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Sigríður Elsa Kjartansdóttir dómari skammaði Einar Odd Sigurðsson og Jón Bjarna Kristjánsson, lögmenn Zúistabræðranna Ágúst Ágústssonar og Einars Ágústssonar, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar beðið var um frekari frestun á máli þeirra. Bræðurnir eru ákærðir fyrir fjársvik og peningabætti á sóknargjöldum fyrir um 85 milljónir króna.

„Þetta hefur gengið brösuglega og ég vil að þetta fari að ganga betur,“ sagði Sigríður Elsa við lögmennina sem vildu frest vegna þess að erfiðlega gengi að fá gögn frá bræðrunum. Sögðu þeir að annir væru miklar hjá bræðrunum. Sigríður sagði að með allri nútímatækni ætti

þetta ekki að vera of stórt verkefni.

Finnur Þór Vilhjálmsson saksóknari sagði ákærvaldið ekki sátt við frestunina í ljósi þess að efni málsins væri í sjálfu sér einfalt. Skera þyrfti úr því hvort að raunveruleg starfsemi hafi verið í trúfélaginu eins og lög segja til um.

Samkvæmt lögum þarf starfsemi trú- og lífsskoduunarfélaga að vera virk og stöðug og í félaginu sé kjarni félagsmanna sem taki þátt í starfseminni og styðji við lífsgildi félagsins. Skilyrði er einnig að félagið sjái um athafnir, svo sem útfarir, giftingar og skirnir eða nafngiftir. Eru bræðurnir sakaðir um að hafa blekkt opinbera starfsmenn, svo sem hjá Þjóðskrá og ríkisskattstjóra. Aðalmeðferð í málinu mun fara fram í lok febrúar. ■

Hafa safnað tvöfalt meira af könglum en búist var við

Íslendingar hafa safnað tveimur tonnum af stafafurukönglum fyrir Skógræktina en búist var við einu tonni. Flestir sem safna eru ungt fólk, á milli tvítugs og þrítugs, en fjölskyldufólk, afar og ömmur safna líka.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SKÓGRÆKT Könglasöfnun Skógræktarinnar hefur gengið vonum framfar á haust eftir að farið var í átak og verðið hækkað. Greiddar eru 2.000 krónur fyrir hvert kíló af tveggja ára stafafurukönglum en 1.200 krónur ef eldri könglar eru í bland við þá. Einn stútfullur innkaupapoki vegur um 3 til 4 kíló.

„Við vorum með hógvæð markmið um að ná einu tonni, sem hefði dugað til tveggja ára í mesta lagi. Síðast þegar ég kíkta á tölurnar var söfnunin komin upp í tvö tonn,“ segir Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar. „Við hækkuðum verðið til þess að hvetja fólk. Það virðist vera að gefast vel.“ Skógræktin hefur nú greitt út um 4 milljónir króna til könglatínslufólks sem Aðalsteinn segir að stórum hluta vera ungt fólk. Meginþórrinn sé á milli tvítugs og þrítugs, en einnig séu dæmi um að fjölskyldufólk tæni eða þá afar og ömmur með barnabörnunum.

Könglar finnast í öllum landslutum þó að nú sé mest af þeim á Vesturlandi og Suðurlandi. Skógræktarfélagin hafa söfnunardaga sem reynast vel. Til dæmis söfnuðust 100 kíló af könglum í Laugalandsskógi í Eyjafirði fyrir tveimur vikum. Skógræktarfélag Reykjavíkur hélt söfnunardag fyrir viku síðan og söfnuðust 50 kíló.

„Við viljum ekki gamla köngla heldur aðeins nýjustu uppskeru sem við vitum að geyma fræ. Það tekur



Könglasöfnun í Laugalandi í Pelamörk þann 9. október.

MYND/PÉTUR HALLDÓRSSON



Við hækkuðum verðið til þess að hvetja fólk. Það virðist vera að gefast vel.

Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar

ekki nema tíu mínútur að kenna fólki að tæna og sjá hverjir eru góðir og hverjir ekki,“ segir Aðalsteinn um hvers vegna sumir könglar séu betri en aðrir. Bestu könglarnir eru þeir sem þroska fræ á þessu ári og hafa annan lit en þeir eldri. Könglar geta hangið á endum greinanna áratugum saman.

„Þetta eru litlir broddgeltir og því er gott að vera í þykkum hönskum. Annars fær maður flísar í hendurnar,“ segir hann.

Skógræktin setti upprunalega frest til 20. nóvember að tæna, vegna þess að uppfylla þurfti kvóta fyrir næsta vor. Í ljósi þess að hann sé löngu uppfyllt hvetur Aðalsteinn fólk til þess að tæna meðan veður og tími leyfi. Skógræktin vill ekki fá köngla af stöku trjám í húsagörðum fólks og setti því inn skilyrði um 50 kílóa lágmark. Það er þó horft fram hjá þessu lágmarki ef könglarnir koma af þekktum tinslusvæðum.

Í hverjum köngli eru 20 fræ. Eftir söfnun er farið með könglana til klingingar, það er þeir eru þurrkaðir og látnir opnast. Þá er fræið hrist úr í tromlu og sáð í gróðrarstöð í mars. Tréð vex í gróðurhúsi og svo fyrir utan það fyrsta árið fyrir gróðursetningu. ■

Ný sending af gæðarúmunum frá Dupen

Sjá nánar á patti.is



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15


Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti HÚSGÖGN



JA, HVUR HEMILLINN!

ÓKEYPIS ÁSTANDSSKOÐUN Á
BREMSUBÚNAÐI TIL 19. NÓV.



Toyotaeigendur fá ókeypis ástandsskoðun á bremsubúnaði til 19. nóvember hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota og afslátt af vinnu, bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum til ísetningar á staðnum.

Engin vandamál – bara lausnir

● Toyota Kaupúni	— Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
● Toyota Akureyri	— Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
● Toyota Selfossi	— Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
● Toyota Reykjanesbæ	— Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
● Arctic Trucks	— Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
● Nethamar	— Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
● Bílatangi	— Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
● Bifreiðaverkstæði KS	— Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
● Bílaleiga Húsavíkur	— Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
● Bílaverkstæði Austurlands	— Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
● Bílageirinn	— Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

Augljós slyshætta verði bílaumferð færð inn í húsagötur

benediktboas@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Íbúar í tveimur fjölbýlishúsum, við Sólvallagötu 80-84 og Ananaust 15, sendu borginni bréf um miðjan mánuðinn þar sem velt var vöngum yfir væntanlegum byggingum á svokölluðum Steindórsreit sem afmarkast af Framnesvegi, Hringbraut og Sólvallagötu.

Íbúarnir eru uggandi yfir aukinni umferð fram hjá Vesturbæjarskóla og skorti á bílastæðum. Þeir biðja borgina að vanda til verka þegar

kemur að skipulagningu bílaumferðar. Íbúar vonast eftir fundi með Pawel Bartoszek, formanni skipulags- og samgönguráðs, til að fá svör og útskýringar á þeim aðgerðum sem valdið gætu augljósum umferðarþekkingu og slyshættu.

Fram hefur komið að fleiri reitir séu í byggingu á svæðinu eða á leið í byggingu en samkvæmt talningu íbúa munu 630 íbúðir fara í sölu á næstu árum, það sé á tíu ára plani. Þau börn sem búa muni í íbúðunum muni að öllum líkindum ganga í

Vesturbæjarskóla og þétting byggðar muni skapa verulegan þrýsting á umferðargötum sem liggja að skólunum.

Íbúar benda á að borgin hafi breytt inn- og útakstri við bygginguna á Steindórsreit í borgarstjórn í júní. Þar með fer umferðin öll um húsagötur en ekki stofnæðar. Samþykktin hafi verið gerð án grenndarkynningar og telja húsfélögin að borgaryfirvöld hafi brotið siðferðislega á rétti þeirra um upplýsingagjöf í ljósi fyrri samskipta. ■



Stefnt er að byggingu bogadregins húss við Hringbraut 116 þar sem verða 45 íbúðir á fimm hæðum. MYND/ÁÐSEND

Frávísun hafnað

arib@frettabladid.is

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði frávísunarkröfu Almennrar innheimtu, Gísla Kr. Björnssonar lögmanns og Varðar trygginga í máli þeirra og Neytendasamtakanna.



Gísli Kr. Björnsson, lögmaður

Neytendasamtökin stefndu þeim fyrir meintan ólögmetan innheimtukostnað við innheimtu smálánaskulda. Telja samtökin að ekki sé um að ræða löginnheimtu heldur milliinnheimtu þar sem engum hafi verið stefnt vegna smálánaskuldar. Málinu hefur verið frestað fram til loka mánaðarins. ■

Minnir á milljóna leigu til RÚV

benediktboas@frettabladid.is

REYKJAVÍK Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, minnti á fundi í síðustu viku á að borgin væri að greiða yfir 60 milljónir á ári til RÚV. „Er RÚV því undir hæl borgarinnar sem leiðir af sér hættu á að hlutleysis sé ekki gætt í umfjöllun um borgarstjóra og meirihlutann eins og mörg dæmi sanna.“

Ástæða bókunarinnar var fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um sölu á RÚV-reitnum og beiðni um innri endurskoðun. Fyrirspurnin var fyrst til umfjöllunar 2019. Þá eins og nú var fyrirspurnin felld. ■

Erfitt að segja til um áhrif afsagnanna

Formaður VR segir tímamót leidda í ljós hvernig afsagnir Sólveigar Önnu Jónsdóttur og Viðars Þorsteinssonar muni hafa áhrif á verkalýðsbaráttu í framtíðinni. Afsagnirnar séu stórfréttir.

ingunnlara@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir að tímamót muni leidda ljós hvernig afsagnir Sólveigar Önnu Jónsdóttur og Viðars Þorsteinssonar úr Eflingu muni hafa áhrif á verkalýðsbaráttuna í framtíðinni.

Hann segist fyrst og fremst vera að einbeita sér að félagi sínu og félagsmönnum innan VR, en segir ómöglegt að sjá hvernig áhrifin verði á heildarsamninga.

„Þetta eru stórfréttir,“ segir Ragnar Þór í samtali við Fréttablaðið en fréttirnar komu honum mjög á óvart. Sólveig Anna tilkynnti í fyrrkvöld að hún hefði sagt af sér formennsku úr stéttarfélaginu Eflingu eftir að starfsfólk skrifstofunnar kvartaði yfir henni. Í gærmorgun lýsti Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, því yfir að hann muni einnig segja upp starfi sínu.

Sólveig Anna og Ragnar Þór stóðu þétt saman og sátu marga fundina með ríkissáttasemjara og Samtökum atvinnulífsins til að hækka lágmarkslaun á íslenskum vinnumarkaði. Á næsta ári renna fjölmargir kjarasamningar út og verður þá Ragnar Þór að fara af stað í baráttuna með nýjum formanni Eflingar.

Agnieszka Ewa Ziolkowska, varaformaður Eflingar, mun taka tímabundið við sem formaður en hún hefur ekki lýst því yfir hvort hún muni bjóða sig formlega fram til formanns.

„Það er kannski erfitt að gera sér



Sólveig Anna og Ragnar Þór hafa setið marga fundina með ríkissáttasemjara og Samtökum atvinnulífsins til að hækka lágmarkslaun á íslenskum vinnumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Lítið er hægt að segja til um hvaða áhrif þetta mun hafa til lengri tíma.

Ragnar Þór Ingólfsson

grein fyrir hvaða þýðingu það mun hafa,“ segir Ragnar aðspurður um áhrif þess að missa Sólveigu Önnu og Viðar úr víglínu verkalýðsbaráttunnar.

„Lítið er hægt að segja um hvaða áhrif þetta mun hafa til lengri tíma. Við erum í sjálfu sér að melta þetta eins og flestir landsmenn.“ Hann sagðist hvorki hafa rætt við Sólveigu né Viðar þegar Fréttablaðið ræddi við hann. Hann hafi fyrst heyrt fréttirnar þegar Sólveig birti yfirlýsingu sína á Facebook í fyrradag.

Segist Ragnar ekki treysta sér til þess að tjá sig um þá atburðarás sem fór af stað í Eflingu sem varð til þess að Sólveig Anna sagði af sér. Sólveig Anna rekur málið í yfirlýsingu á Facebook. Þar segist hún hafa fengið

texta frá trúnaðarmanni fyrir hönd starfsfólks skrifstofu Eflingar, þar sem hún var meðal annars sökuð um að fremja kjarasamningsbrot gegn starfsfólki á borð við fyrirvaralausar uppsagnir og að halda svokallaðan „aftökulista“.

Guðmundur Baldursson, stjórnarmaður Eflingar, sagði í yfirlýsingu sem var send á Fréttablaðið að Sólveig Anna hafi haldið lykilupplýsingum leyndum fyrir stjórninni til að hylma yfir vanlíðan starfsfólks á skrifstofu Eflingar.


Hann segir alvarlegan trúnaðarbrest hafa orðið innan stjórnarinnar eftir að Sólveig Anna neitaði að kynna fyrir stjórninni starfslokasamning við fráfarandi skrifstofustjóra í upphafi ársins. ■

RAM

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM

TRYGGÐU ÞÉR RAM Í FORSÖLU TIL AFHENDINGAR EFTIR ÁRAMÓT



MAXUS

NÝTT BÍLAMERKI Á ÍSLANDI!

LOKSINS ALVÖRU DRÆGNI 353 KM (WLTP)

MAXUS E-DELIVER 9 VEITIR ÞÉR FORSKOT Í UMHVERFISVÆNUM FLUTNINGUM



- / Lægri rekstrarkostnaður
- / Drægni allt að 353 km (WLTP)
- / Fánlegur í tveimur lengdum
- / Flutningsrými frá 9,7-11 m³

MAXUS
100%
RAFKNÚINN

MAXUS E-DELIVER 9

VERÐ FRÁ KR. **8.500.000**

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Alifuglakjötið að taka fram úr lambakjötinu

ser@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Vinnsla kindakjöts hér á landi heldur áfram að minnka, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofunnar, og er nú svo komið að álika mikið er framleitt af alifuglakjöti og kindakjöti.

Framleiðsla á kindakjöti var ríflega fjögur tonn í september síðastliðnum sem er fjórum prósentum minna en í sama mánuði á síðasta

ári. Nautakjötsvinnsla minnkaði ívið minna, svínakjötsframleiðsla stóð svo til í stað en fimm prósentu aukning var á vinnslu alifuglakjöts á þessu tímabili.


Þróunin er nokkuð augljós í þessum efnunum. Kindakjötsframleiðsla nam tæplega þrettán þúsund tonnum um miðjan níunda áratug síðustu aldar en er nú komin niður í níu þúsund tonn. Á sama tíma hefur framleiðsla alifuglakjöts farið úr tæplega tvö þúsund

tonnum upp í nálega tíu þúsund tonn og er við það að toppa kindakjötsvinnsluna.

Framleiðsla nautakjöts hefur tvöfaldast á þessu tímasteiði og stendur nú í tæplega fimm þúsund tonnum, rétt eins og svínakjötsvinnsla sem farið hefur úr rúmum þremur þúsund tonnum í vel ríflega sex þúsund tonn. Hrossakjöt rekur hér lestina en framleiðsla þess hefur haldist jöfn í kringum eitt þúsund tonn á þessum tíma. ■

Kjöttframleiðsla eftir tegundum

(Í ÞÚSUNDUM TONNA)



Lögregla reyni að endurheimta eydd skilaboð

gar@frettabladid.is

DANMÖRK Mette Frederiksen, forsætisráðherra Danmerkur, ber að upplýsa hvenær hún stillti síma sinn þannig að hann eyddi sjálfvirk öllum smáskilaboðum. Þetta segir Danmarks Radio vera vilja meirihluta þingmanna í Folketinget, lög-gjafarsamkomu Dana.

„Það skiptir afar miklu máli að fá að vita hvenær þessar eyðingaradgerðir voru virkjaðar. Ég tel ekki að við höfum fengið fullnægjandi svör enn þá,“ hefur DR eftir Samira Nawa, talsmanni þingflokks Radikale Venstre í dómsmálum.



Mette Frederiksen, forsætisráðherra Danmerkur

Eins og fram kom í síðustu viku voru það Frederiksen og þrjú háttsettir starfsmenn forsætisráðuneytis hennar sem stilltu síma sína á fyrrgreindan hátt. Því hefur ekki verið unnt að skoða samskipti þeirra innbyrðis í aðdraganda þess að ákvörðun var tekin af ríkisstjórninni í fyrrahaust um að lóga öllum minkastofnunum í Danmörku í kjölfar þess að Covid-smit barst úr minkum í menn. Óháð rannsóknarnefnd skóðar nú hvort sú ákvörðun hafi verið í samræmi við lög.

Dómsmálaráðuneytið hefur nú óskað eftir því við lögregluna að sms-skilaboð fjórmeninganna verði endurheimt ef það er mögulegt, að sögn Danmarks Radio.

„Ég tel ekki að við höfum fengið fullnægjandi svör enn þá,“ segir Samira Nawa, talsmaður þingflokks Radikale Venstre í dómsmálum. ■

Meirihlutinn í Skaftárhreppi breytir skipulagi fyrir virkjun í Hverfisfljóti

Meirihluti skipulagsnefndar Skaftárhrepps segir virkjun í Hverfisfljóti verða lyftistöng fyrir atvinnulíf á svæðinu. Minnihlutinn segir ekkert liggja fyrir um það og vísar í umsagnir um neikvæð áhrif virkjunarinnar á umhverfið.

gar@frettabladid.is

ORKUMÁL „Það má öllum ljóst vera að þessi virkjun mun skapa það öryggi í raforkumálum sem nauðsynlegt er fyrir svæðið og tryggja að eðlileg uppbygging geti átt sér stað,“ segir í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skipulagsnefnd Skaftárhrepps vegna áforma um virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu.

Skipulagsnefndin afgreiddi á síðasta fundi sínum aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstilögu vegna Hnútuvirkjunar með atkvæðum meirihluta Sjálfstæðismanna. Það er Ragnar Jónsson, eigandi jarðarinnar Dalshöfða, sem stendur að virkjuninni sem á að vera 9,3 MW.

„Framkvæmd þessi mun skapa fjölmörg störf á byggingartíma virkjunarinnar sem mun taka nálægt tveimur árum. Að byggingartíma loknum munu varanleg störf vera tvö til þrjú,“ bókaði meirihlutinn. „Þetta er forsenda þess að byggð haldist áfram blómleg til langrar framtíðar,“ segir enn fremur í bókuninni.

Meðal ástæðna fyrir að greiða fyrir virkjuninni sögðu Sjálfstæðismenn að vegna þess að raflínur í lofti á svæðinu væru bæði gamlar og fulllestadar yrði frekari uppbygging atvinnulífs stöðugt erfiðari. „Erfitt verður að þjónusta rafmagnsbíla með hleðslustöðvum ef ekki kemur til aukid rafmagn á svæðinu,“ bók-



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps ákvað á síðasta fundi sínum á Kirkjubæjarklaustri að samþykkja aðalskipulagsbreytingu vegna Hnútuvirkjunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
PIJETUR



Að líkja þeirra starfi saman við innfluttar vélasamstæður, stórtækar vinnuvélar og óafturkræfar framkvæmdir til að seðja óseðjandi hungur stóriðju og gróðahyggju er í hæsta máta ósmekklegt.

Fulltrúar Z-lista í skipulagsnefnd Skaftárhrepps.

uðu þeir og fullyrtu jafnframt að umhverfisáhrifin yrðu mjög lítil.

Fulltrúar minnihluta Z-lista í skipulagsnefndinni vísuðu til umsagnar Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin myndi hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Sagði minnihlutinn að til að fara gegn umsögn Skipulagsstofnunar þurfi sveitarstjórnin að rökstyðja ákvörðun sína með haldbærum rökum. Það hafi ekki verið gert. „Fyrirséð er að með ákvörðun sinni fái sveitarfélagið á sig kærur og gæti jafnvel orðið skaðabótaskýlt,“ bókadi Z-listi.

„Hvergi í deiliskipulagslýsingu kemur fram hvort virkjunin skapi störf innan svæðisins eftir framkvæmdatíma og er þessi fullyrðing því marklaus,“ segir Z-listinn áfram um rök meirihlutans. Ekki sé hægt að segja að umhverfisáhrif virkjunarinnar verði lítil samanber umsagnir Skipulagsstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og fleiri.

„Samkvæmt deiliskipulagslýsingu er niðurstaða umhverfismats að áhrif virkjunarinnar á ásýnd svæðisins verði talsvert neikvæð og tekur Skipulagsstofnun sérstaklega fram að Skaftáreldahraun hefur hátt verndargildi og er það óháð útliti framkvæmda sem þar eru. Áhrif á ferðþjónustu og úti-

vist eru talin talsvert neikvæð á núverandi ferðþjónustu,“ segir í bókun Z-listans.

Einnig er vitnað til umsagnar Landsnets og RARIK sem segja að muni Hnútuvirkjun geta framleitt rafmagn án þess að tengjast öðru raforkukerfi, myndi hún fyrst og fremst koma að gagni þegar að afhending Landsnets á Prestbakka sé ekki til staðar. Vegna sveiflna í vatnsrennsli geti það varla orðið raunin.

Þá vísa Z-listamenn til orða meirihlutans um að Skaftfellingar séu frumkvöðlar í raforkuframléiðslu. „Nokkrir Skaftfellingar sýndu mikla framsýni, hugvit og drifkraft þegar þeir hófu að smíða túrbínur og virkja bæjarlækina á fyrri hluta tuttugustu aldar og færðu þannig ljós og yl í bæina. Að líkja þeirra starfi saman við innfluttar vélasamstæður, stórtækar vinnuvélar og óafturkræfar framkvæmdir til að seðja óseðjandi hungur stóriðju og gróðahyggju er í hæsta máta ósmekklegt,“ segir í niðurlagi bókunar Z-lista. ■


Auðveldasta leiðin til kaupa og selja Bitcoin á Íslandi

- Skjót afgreiðsla
- Engin falin gjöld
- 2% Íslendinga skráðir á Myntkaup





Sækja appið

Skráðu þig á myntkaup.is



KOMIN Í VERSLANIR



Grípandi örlagasaga byggð á raunverulegum atburðum.

Meistaralega fléttuð saga frá langvinsælasta höfundi þjóðarinnar.



 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-19 | Laugardaga 11-17 | www.forlagid.is

Verðum að vera bjartsýn að hægt sé að ná samhug og trausti

COP26

elinhirst@frettabladid.is

Tinna Hallgrímsdóttir er formaður ungra umhverfissinna á Íslandi og ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á loftslagsráðstefnunni COP26 í Glasgow, og ein af um sextíu manns sem sækja ráðstefnuna fyrir hönd Íslands. Loftslagsmálin hafa verið drifin mjög

áfram af ungu kynslóðinni. Ungmenni um allan heim hafa staðið fyrir svokölluðum föstudagsverkföllum til að mótmæla aðgerðaleyfi í loftslagsmálum, einnig hér á Íslandi.

„Það er nokkuð stór hluti hér af ungu fólki en stærsti hópurinn eru eldri kynslóðir og þeir sem loftslagsbreytingar munu hafa minnst áhrif á. En við erum mætt hér til að berjast fyrir okkar málstað og framtíð okkar.“



Tinna Hallgrímsdóttir, formaður ungra umhverfissinna á Íslandi

Aðspurð um hvort Greta Thunberg, andlit ungu kynslóðarinnar í þessari baráttu, sé á staðnum svarar Tinna að svo sé.

„Já, hún er komin og mun líklega vera með einhver ávörp og taka þátt í öllu sem Fighters for Future-loftslagsverkefnið alþjóðlega mun standa fyrir. Þau setja fram margvíslegar kröfur til þessa fundar,“ segir Tinna.

Í ljósi þess að þetta hefur verið kallaður einn mikilvægasti fundur allra tíma er Tinna innt eftir því hvort hún telji að hann muni skila því sem menn vona. „Það er enginn möguleiki í stöðunni annar en að

vera bjartsýn, ef við náum þessum samhug og trausti innan alþjóðasamfélagsins sem nauðsynlegt er. Bæði stærri og efnaðri ríkin og þau sem minni efni hafa verða öll að stefna að sama markmiði og vera tilbúin til að leggja sitt af mörkum. Ef hver tekur sinn sanngjarna hlut í því að ná þessu markmiði sem við stefnum að þá er ég bjartsýn,“ segir Tinna Hallgrímsdóttir, stödd á COP26 loftslagsráðstefnunni í Glasgow. ■

Leikrit sett á svið fyrir loftslagsfund

COP26

Doktor Halldór Björnsson, loftslags-sérfræðingur á Veðurstofunni, segir leikrit hafa verið sett á svið vegna fundarins um loftslagsmál í Glasgow.

„Frá því að farið var að reyna að ná samkomulagi um aðgerðir í loftslagsmálum hefur sambærilegt leikrit verið sett á svið í aðdraganda funda. Stuðningsmenn aðgerðaleyfis – aðgerðaleyfissinnar – fara mikinn í fjölmiðlum og finna málinu allt til foráttu,“ skrifar Halldór í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.



Dr. Halldór Björnsson

Hann segir pólitíska hugmyndafræði andstæðra fylkinga ólíka. Annars vegar séu þeir sem telja málið illa ígrundað, það byggi á ónægum vísindum. Svo séu hinir sem vilji umbyltingu á efnahagsskipulagi heimsins og telji að allar lausnir sem ekki miði að endalokum núverandi kerfis gangi of skammt. - SJÁ SIÐU 11

Kynna lántökur og nýja gjaldskrá

benediktboas@frettabladid.is

REYKJAVÍK Dagur B. Eggertsson borgarstjóri mun í hádeginu kynna nýja fimm ára fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Einnig verða gjaldskrár borgarinnar fyrir næsta ár kynntar, álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu, viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega sem og fyrirhugaðar lántökur. ■

Getur brugðið til beggja vona hérna

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra greinir frá markmiðum og aðgerðaáætlun Íslands á COP26 í Glasgow í hádeginu.

COP26

elinhirst@frettabladid.is

„Það er magnað andrúmsloft hérna, satt að segja. Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, opnaði ráðstefnuna núna í hádeginu. Síðan hélt David Attenborough ræðu og ég upplifði það mjög sterkt að allur salurinn hlustaði á orð hans af gríðarlegri athygli. Hann lýsti því hvernig hann hefði séð vistkerfum hnigna á sínu æviskeiði en talaði líka fyrir von og aðgerðum þannig að framtíðarkynslóðir myndu sjá endurreisn þessara vistkerfa,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra við upphaf loftslagsráðstefnunnar COP26 í Glasgow.

„Maður finnur það að auðvitað sakna menn nærveru Kínverja, Rússa og fleiri stórra þjóða og við eigum eftir að sjá hverju þessar leiðtogaumræður skila. Þær slá tóninn. Svo í kjölfar þeirra hefst vinna þar sem sendinefndirnar sitja og reyna að ná saman um markmið.“

Að sögn Katrínar er greinilegt að ofarlega á baugi á ráðstefnunni er umræðan um fjármögnun loftslagsmála þar sem þróunarríkin eru með mjög skýra kröfu um aukid fjármagn til þessara mála frá hinum þróuðu löndum.

Katrín stígur á svið í Glasgow og kynrir markmið og aðgerðaáætlun Íslands klukkan 12.45 í dag:

„Við höfum þegar kynnt okkar markmið á alþjóðavettvangi. Við tilkynntum í fyrra að við myndum taka þátt í sameiginlegum markmiðum Evrópusambandsins og Noregs um 55 prósent samdrátt til ársins 2030, sem er markmið sem mun skipta miklu máli. Ég mun auðvitað greina frá okkar aðgerða-



Katrín Jakobsdóttir og Boris Johnson heilsuðust að hætti sóttvarna á fundinum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ég ætla að leyfa mér að vera vongóð og ég skynja það að minnsta kosti að breska forystan á þessum fundi leggur ofurkapp á að ná árangri hér.

Katrín Jakobsdóttir

áætlun líka, því það er einmitt það sem mikið er rætt um hér, að það sé ekki nóg að hafa markmið, það þurfi að fylgja þeim aðgerðir til þess að ná raunverulegum árangri. Við erum í þeirri stöðu, Íslendingar, að við höfum lögfest kröfu um kol-efnishlutleysi en það eru mjög fáar þjóðir sem hafa gert það, og þar erum við með töluvert metnaðarfull markmið þar sem við segjum 2040 á Íslandi en Evrópa er til dæmis að segja 2050. Ég skynja það að þetta blæs mörgum kappi í brjóst að við skulum telja okkur geta náð markmiði sem þessu. Svo þetta verða svona stóru línurnar.“

Ertu bjartsýn og vongóð?

„Ég skynja að það getur brugðið

til beggja vona hér í Glasgow. Ég mun bara leggja ofuráherslu á allt sem ég kem nálægt hér á ráðstefnunni og það mun íslenska sendinefndin ólla gera, við munum tala fyrir metnaðarfullum aðgerðum og fyrir því að þjóðir heims verði að ná saman. Það var sláandi að allir ræðumenn hérna ádan voru á því að þessi mál verða ekki bara leyst á þessum fundi. Við munum verða að halda áfram. Og uppfæra markmið okkar og aðgerðaáætlanir á hverju ári. Ég ætla að leyfa mér að vera vongóð og ég skynja það að minnsta kosti að breska forystan á þessum fundi leggur ofurkapp á að ná árangri hér,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. ■

Vandamál hvernig farið er með utankjörfundaratkvæði

helenaros@frettabladid.is

KOSNINGAR Ágreiningur er um hvernig utankjörfundaratkvæði eigi að berast á talningarstaði, að sögn Björns Leví Gunnarssonar, þingmanns Pírata, sem situr í undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar.

Aðspurður hvort það sé í samræmi við lög að utankjörfundaratkvæði berist í óinnsigliðum pappakössum segir hann búið að reyna að vekja athygli á þessu vandamáli lengi. „Það er ekkert nýtt í þessu, því miður,“ segir Björn. Fram kom í svari Inga Tryggvasonar, formanns yfirkjörfundarinnar Norðvesturkjördæmis, um utankjörfundaratkvæði, að þau hafi borist frá Sýslumanninum á höf-

uðborgarsvæðinu í óinnsigliðum pappakassa.

„Við höfum vakið athygli á því áður að atkvæðin hafa verið í opnum pappakössum hjá sýslumanni sem er vandamál. Það hefur ekki verið hlustað mjög mikið á okkur hvað svoleiðis ábendingar varðar. Þó ekki sé endilega hægt að komast í atkvæðið sjálft þá er hægt að hnika við atkvæðunum sjálfum, öllu umslaginu fram og til baka,“ segir Björn og bætir við að þetta sé vandamál óháð Norðvesturkjördæmi. Í heildina litið sé það vandamál hvernig farið er með utankjörfundaratkvæði.

„Ef þetta er í pappakassa og öll umslögin eru enn þá lokað og svo framvegis þá er það allt í lagi, þá



Björn Leví Gunnarsson tekur við atkvæðakassa af Inga Tryggvasyni, formanni yfirkjörfundarinnar í Norðvesturkjördæmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

er innsigli þar,“ segir Björn. Það sé þó aðeins á reiki í hvaða ástandi umslögin séu, sums staðar sé búið

að opna til að skoða inn í og annars staðar ekki.

Björn segist ekki vita hvort sjálf

umslögin utan um utankjörfundaratkvæði í Norðvesturkjördæmi hafi verið innsiglið og óopnuð. Í svari Inga segir þó að ytri umslög utankjörfundaratkvæða hafi ekki verið opnuð áður en þau bárust kjördeildum.

Vinna nefndarinnar lýtur að margvíslegum atriðum og margar spurningar sem leita þurfi svara við, segir Björn. „Það er kannski lykilatriðið, við erum með mjög mörg mál,“ bætir hann við og bendir á að þetta snúist ekki eingöngu um að skoða hvort kosningarnar séu gildar eða ekki. Um mögulega niðurstöðu nefndarinnar segir hann að enn séu margir möguleikar í stöðunni í mismunandi málum. ■


NOTUM NETIÐ TIL GÓÐRA VERKA



Veldu með okkur
góðgerðarmálefni
á netto.is



Frá 1.-30. nóvember
renna 200 krónur af hverri
pöntun í netverslun Nettó
til góðgerðarmála



nettó
Lægra verð - léttari innkaup

Geðið og hjartað



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Geðhjálp hóf í gær átak um geðfræðslu í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum og kallar það Geðlestina. Stefna samtökin á að heimsækja unga fólkið í skóla sína víða um land í vetur og veita því fræðslu sem byggist á þeirri hugmynd að við búum öll við geð – rétt eins og við erum öll með hjarta.

Samtökin hafa í samstarfi við Hjálparsíma Rauða krossins 1717 í tvö ár undirbúið fræðsluna enda mikilvægt að ræða snemma verndandi þætti geðheilbrigðis og hvernig megi nýta þá í daglegu lífi. Markmiðið er að ræða við ungt fólk um ofangreint en ekki síst að sýna því að eðlilegt sé að leita sér aðstoðar við ólík verkefni lífsins, að þau þurfi ekki að burðast ein með fullan bakpoka áskorana.

Kvíði hefur undanfarin ár aukist á meðal ungs fólks þó enn eigi eftir að fara ofan í saumana á því hvað heimsfaraldur hefur gert þeim hópi með einangrun sinni.

Fjölgun símtala í hjálparsíma Pieta og Rauða krossins gefa þó sterka vísbendingu, en árið 2020 var metár í aðsókn í hjálparsíma Rauða krossins og má beinlínis rekja þá aukningu til faraldursins. Þriðjungur allra samtalanna koma frá ungu fólki og samkvæmt Elfu Dögg S. Leifsdóttur, sálfræðingi og teymisstjóra heilbrigðisverkefna hjá Rauða krossinum, tengjast þau sem af er þessu ári mest kvíða, sjálfsvígshugsunum, átroskun, námsörðugleikum og samskiptum svo eitthvað sé nefnt.

Þrátt fyrir alla þessa vitneskju kostar það enn þá í kringum átján þúsund krónur að fara með ungling til sálfræðings á einkastofu!

Á heilsugæslustöðvum eru starfandi sálfræðingar og er þjónusta þeirra endurgjaldslaus fyrir 18 ára og yngri. Meðferðin takmarkast þó við fjóra til sex tíma og þrátt fyrir fögur fyrirheit yfirvalda eru biðlistar eftir slíkrri þjónustu langir og síst eru þeir að stytta. Dæmi eru um að biðtíminn sé allt að því eitt ár. Átakið er því sannarlega verðugt og mun án efa hvetja fleiri til að leita sér hjálpar. En ef vandinn þarfnast aðkomu fagaðila er mikilvægt að sú aðstoð sé aðgengileg öllum!

Geðhjálp bendir á að við búum öll við geð, rétt eins og við höfum öll hjarta, og vilja forsvarsmenn með átaki sínu gera það jafn sjálfsgætt að leita sér aðstoðar við kvillum í hvoru kerfinu sem er. Ætli barn með hjarta-vanda væri sett á ársbiðlista eftir bót meina sinna? Ég leyfi mér að efast um það. En ómeðhöndlaður getur geðrænn vandi einnig verið banvænn. ■

„
Ætli barn með hjarta-vanda væri sett á ársbiðlista eftir bót meina sinna? ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Björnum brugðið

Sólveig Anna Jónsdóttir varpaði sprengju í samfélagsumræðuna þegar hún tilkynnti að hún teldi sig tilneydda til að segja af sér sem formaður Eflingar. Björnum ýmsum brá nokkuð við tíðindin á Facebook þar sem Björn Ingi á Viljanum sagði þetta óvænt og stórmerkilegt og vísaði síðan í barnaát byltinga. Annar Björn, samfélagsrýnir í Grindavík, Birgisson talaði um „stór og mikil tíðindi“ þar sem byltingar-át kemur einnig við sögu: „Hallarbyltingin virðist hafa étið foringjann sinn.“

Bjarnargreiði

Björn Valur Gíslason, sjómaður og fyrrverandi þingmaður, er öðrum Björnum grimmari í sinni greiningu þegar hann segir að það sé „ákveðin tegund kúgunar þegar forystufólk stillir starfsfólki sínu upp frammi fyrir tveimur afarkostum eins og hér virðist hafa verið gert og gera það síðan ábyrgt fyrir því sem aflaga fór.“ Jakob Bjarnar, blaðamaður á Vísu, horfir aftur á móti á stóru myndina á sínum Facebook-vegg þegar hann segir öll fyrirbæri sem ætlað er að verja hagsmuni fjöldans fari „furðu fljótt að snúast um sjálf sig“ og „hagsmuni fólksins á skrifstofunni en ekki skjólstaðinganna“. Og spyr síðan hvort þessi hafi ekki nákvæmlega verið sá veggur sem Sólveig Anna hljóp á. ■

Saman erum við sterkari



Oddný
Harðardóttir
þingmaður Sam-
fylkingarinnar

Þing Norðurlandaráðs stendur yfir dagana 2.-4. nóvember þar sem ákvarðanir verða teknar um málefni sem brenna á norrænum þingmönnum og sem þeir telja brýnt að ríkisstjórnirnar finni lausn á. Ákall er um þéttara samstarf landanna um ögnir sem ná yfir landamæri, s.s. loftslagsvá, netarársir og heimsfaraldra.


Norræna módelið um velferð fyrir alla, heilbrigðan vinnumarkað og ábyrga efnahagsstjórn hefur staðist tímans tönn og ágjöf pólitískra strauma. Norðurlandaráð leggur mikla áherslu á samstarf landanna um samfélagsöryggi og það verður eitt helsta málefni þingsins. Gestaræðumaður er Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO og fyrrverandi forsætisráðherra Noregs.

Norrænt samstarf er afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga. Til Norðurlandanna höfum við sótt fyrirmyndina að réttlátu velferðarsamfélagi fyrir alla. Samstarfið er um lög, reglugerðir og alls konar ákvarðanir á opinberum vettvangi, um menntun og menningu, samstarf stofnana, félagsamtaka og fyrirtækja. Samstarfið er einnig á pólitískum vettvangi. Til dæmis hittast formenn jafnaðarmannaflokkanna á Norðurlöndum reglulega og sameiginlegir fundir eru með jafnaðarmannaflokkunum og verkalyðshreyfingum landanna. Kannanir sýna að næstum allir íbúar norrænu ríkjanna eru hlyntir norrænu samstarfi.

Grundvallarmarkmið Norðurlandaráðs er að gott sé að eiga heima, lífa og starfa á Norðurlöndum. Í ráðinu sitja 87 þingmenn. Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga 20 þingmenn hvert land og Ísland á sjö.

Norðurlandaráð kemur saman tvisvar ár ári. Löndin skiptast á að gegna formennsku og þingið er haldið í því landi sem fer með formennsku sem er í ár Danmörk.

Stjórnarástjórn Norðurlandaráðs fer fram í nefndum og flokkahópum. Nefndirnar eru þekkingar- og menningarnefnd, sjálfbærnefnd, hagvaxtar- og þróunarnefnd, velferðarnefnd og eftirlitsnefnd sem fylgist með hvernig fjármagni er varið. Flokkahóparnir skiptast í jafnaðarmenn, miðjumenn, hægrimenn, norræn vinstri græn, norrænt frelsi en tveir þingmenn eru utan flokkahópa. Verðlaunaafhending Norðurlandaráðs fyrir bókmenntir, kvikmyndir, tónlist og umhverfisverkefni er einn af hápunktum þingsins. ■



Brautirnar eru fánlegar með mjúklökun

Mikið úrval rennihurðabrauta frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN&GLER
Skútuvoði 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Aðgerðaleysissinnar vilja tefja en nú er tíminn að renna út



Haldór Björnsson
loftslagsérfræðingur á Væðurstofu Íslands

Frá því að farið var að reyna að ná samkomulagi um aðgerðir í loftslagsmálum hefur sambærilegt leikrit verið sett á svið í aðdraganda funda. Stuðningsmenn aðgerðaleysis – aðgerðaleysissinnar – fara mikinn í fjölmiðlum og finna málinu allt til foráttu. Pólitísk hugmyndafræði þeirra er ólík, annars vegar eru þeir sem telja málið illa igrundað, byggi á ónægum vísindum, leiði til ríkisafskipta og efnahagshruns, og svo eru þeir sem vilja umbyltingu á efnahagsskipulagi heimsins og telja allar lausnir sem ekki miði að endalokum núverandi kerfis gangi of skammt. Báðir aðilar eru þó sammála um að það sé tilgangslaust að halda fundi eins og þann sem nú stendur fyrir dyrum í Glasgow og harma þá losun gróðurhúsalofttegunda sem honum fylgir.

Umræddur fundur er 26. fundur þeirra þjóða sem eru aðilar að Rammasamkomulagi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Heiti þessa fundar (Conference of Parties) er yfirleitt skammstafað COP og þessi þá kallaður COP26. Á fundi sömu aðila í París árið 2015 tókst að ljúka samkomulagi um að þjóðir heims skyldu halda hlýnun jarðar innan við 2 °C og leita leiða til að takmarka hana við 1,5 °C. Jafnframt lögðu aðilar fram hugmyndir sínar um það hvernig þeir gætu dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda svo ná mætti þessu markmiði. Strax þá var ljóst að væru öll slík loforð tekin saman og uppfyllt myndi það eftir sem áður ekki nægja til að ná markmiðum samkomulagsins. Því myndi þurfa að uppfæra loforðin síðar. Á ráðstefnunni í ár er ætlunin að fara yfir framkvæmdina og að þjóðir uppfæri skuldbindingar sínar.

Um nokkurt skeið hefur legið fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda, mest vegna bruna jarðefnaeldsneytis (á kolum, olíu og gasi) veldur hlýnun jarðar og áhrif hennar eru auðmerkjanleg og víðfeðm. Hlýnunin frá iðnbyltingu er nú þegar 1,1 °C og birtar vísindagreinar sýna að áhrifa hefur alls staðar orðið vart, og einnig að áframhaldandi hlýnun getur haft í för með sér mjög harkalegar afleiðingar fyrir lífríki og þjóðfélög.

Losun mannkyns á gróðurhúsalofttegundum frá upphafi iðnbyltingar er um 2.400 GtCO₂. Áætla má hversu mikið er hægt að losa á næstu árum án þess að hlýnun fari yfir Parísarviðmiðin. Niðurstaðan er sú að fari losun yfir 300 GtCO₂ til viðbótar versna líkur á að hlýnun verði minni en 1,5 °C, verði viðbótarlosunin 500 GtCO₂ eru aðeins helmingslíkur að hlýnun haldist innan við 1,5 °C. Fyrir tveggja gráðu markið versna líkur við 900 GtCO₂ viðbótarlosun og helmingslíkur fást við 1.350 GtCO₂ losun. Þessar tölur þarf að skoða í samhengi við það að losun undanfarinna ára er rúmlega 35 GtCO₂ á ári. Verði losun álíka og verið hefur versna líkur á að 1,5 °C markið haldi á tæpum áratug en á um aldarfjórðungi fyrir tveggja gráðu markið.

Þetta þýðir að mjög litill tími er til stefnu áður en ekki má losa meira. Vinnslu jarðefnaeldsneytis úr nýjum olíu- eða gaslindum verður líklega að stöðva löngu áður en þær eru uppnar. Þessi staðreynd er ástæða þess að aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Antonio Guterres, hvetur þjóðir til að hætta leit að jarðefnaeldsneyti, stöðva niður-

greiðslu þess og styðja í staðinn uppbyggingu endurnýjanlegra orkugjafa.

Þótt loforð um samdrátt sem gefin voru í aðdraganda Parísarsamkomulagsins hafi ekki dugað til að markmiðin um takmörkun hlýnunar næðist, voru stöðumat og endurskoðun loforða innbyggð í samkomulagið. Endurskoðuð loforð fyrir COP26 duga heldur ekki, en þó munar minna en áður. Samningar um losun og samdrátt hennar eru

flóknir og ekki öruggt að fundurinn í Glasgow skili árangri. Að auki skiptir eftirfylgni til að tryggja samdrátt líka máli – samningar uppfylla sig ekki sjálfir. Það er til dæmis ljóst að jafnvel þótt það náist að draga verulega saman í losun mun þurfa aðgerðir til þess að safna og binda kolefni í miklu magni.

Það skiptir í raun litlu af hvaða væng stjórn mála aðgerðaleysissinnar koma, saka má þá um að gera sér ekki grein fyrir umfangi áskorunar-

innar og því hversu skammur tími er til stefnu. Staðreyndir málsins hafa verið kunnar í nokkra áratugi, þróun loftslags hefur verið í samræmi við forspár loftslagsvísinda og þær afleiðingar á náttúru og samfélagskerfi sem hægt er að sjá fyrir hafa einnig gengið eftir, og nú er tíminn að renna út.

Þótt verkefnið sé stórt og fari einungis vaxandi eftir því sem aðgerðaleysissinnar ná að tefja það er getan og tæknin til þess að stöðva losun og

ná kolefnishlutleysi þegar til staðar.

Í stuttu máli má segja að lausnirnar séu þekktar, sumar eru þegar til reiðu, aðrar þarf að þróa betur. Allar tafir á því að taka þær upp gera lítið annað en að fresta vandanum. Sá tími er löngu liðinn að hægt sé að leyfa aðgerðaleysissinninum að taka sér dagskrárvald til að þyrlla upp ryki og tefja aðgerðir.

Það er ekki eftir neinu að biða, tími aðgerða í loftslagsmálum er runninn upp. ■



Samtímarýnið nóvemberbarn

Bergur Ebbi rithöfundur og rýnir fagnar fertugsafmæli í dag.

arnartomas@frettabladid.is

„Þetta er að sjálfsgöðu gleðiefni, það á að fagna hverju ári,“ segir Bergur Ebba Benediktsson, sem fagnar fertugsafmæli í dag. „Annars held ég að maður sé að gera hlutina ansi erfiða fyrir sjálfan sig.“ Bergur Ebba fagnar tímamótunum næstu helgi með vinum og vandamönnum í einum graut. Sem nóvemberbarn segist hann sjaldan hafa staðið í miklu veisluhaldi í kringum afmælið.

„Þessi tími ársins er ansi annasamur en á sama tíma svo raunverulegur,“ segir hann. „Fyrsti snjórinn er oft að koma sem getur hleypt hrolli inn í fólk. Að sama skapi þá er þetta tíminn þar sem maður er manns gaman, svo þótt ég sé ekki alltaf að halda stórar veislur þá eru samskiptin við fólk á þessum tíma oft meira alvöru.“

Það þarf að sinna núnu

Bergur Ebba er rýninn í allt sem tengist samtímanum sem hann hefur krufið til mergjar í síðustu tveimur bókum sínum. Í dag er hann að vinna að nýrri bók sem heldur áfram á sömu slóðum.

„Óháð þessum brjálæðislega hröðu breytingum sem við stöndum frammi fyrir þá er ég að reyna að finna einhvern grunnpunkt eða kjarna,“ útskýrir hann. „Ef maður er alltaf viðbragðsstöðu eins og við erum flest í þessum tæknibreytingum þá náum við ekki að sjá heildarmyndina. Það er svo oft hægt að leita í fortíðina og sjá hvort við höfum gengið í gegnum eitthvað af sambærilegum skala áður.“



Bergur segir að þótt nóvember geti verið annasamur þá séu samskiptin við fólk oft meira alvöru. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.



Það þarf stundum að sinna núnu til að ná alvöru endurspeglun út fyrir tíma sinn.

Bergur Ebba segir að þótt sú þróun sem stafræna byltingin hafi haft í för með sér sé gríðarlega hröð þá hafi hún samt átt sér stað yfir nokkrar kynslóðir sem sé sambærilegt öðrum tímabilum sögunnar.

„Ef við horfum bara á Ísland þá er ekki langt síðan að herna voru varla vegir,“ segir hann. „Kannski tveimur, þremur

kynslóðum síðar vorum við orðin iðnvætt samfélag. En nú er það allur heimurinn sem er undir, á tveimur til þremur kynslóðum erum við að ganga inn í hinn stafræna heim. Þetta eru hraðar breytingar, en kannski ekkert endilega hraðari en það sem við sáum á 20. öldinni.“

Bergur Ebba segir að þótt það geti verið hægt ferli að skrifa bækur þá sé mikilvægt að höfundar skrifi um samtímann.

„Leiðin að því að eitthvað eigi að vera klassískt, þá verður það að vera raunveruleg endurspeglun á því sem er að gerast í samtímanum sem það er skrifað,“ segir hann. „Það er ekki hægt að ætla sér að skrifa einhverja klassík með því að reyna að skrifa inn í alla tíma. Það þarf stundum að sinna núnu til að ná alvöru endurspeglun út fyrir tíma sinn.“ ■



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Grétar Ellertsson
mjólkurfræðingur

lést á dvalarheimilinu Sólvöllum, Eyrarbakka, 29. október. Jarðarförin fer fram frá Eyrarbyggjakirkju föstudaginn 5. nóvember klukkan 13.

Ellert Ágúst Magnússon

Ragneiður Þórunn Magnúsdóttir Indriði Ingvarsson
Heimír Magnússon Brit Helen Leikvoll
Sólveig Magnúsdóttir Ari Jóhannes Hauksson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Gunnlaug Heiðdal Kristjánsdóttir
(Gulla)

lést þann 20. október á HSN Siglufirði. Útförin fer fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á HSN Siglufirði.

Hinrik B. Karlsson

Ingunn K. Aradóttir
Linda Heiðdal Karlsdóttir
barnabörn, langömmu- og langalangömmubarn.



Elskulegur unnsti, faðir, sonur, bróðir og tengdasonur,

Rósinkrans Már Konráðsson

Högalundsvägen 7, Alvesta, Svíþjóð,

lést af slysförum þann 25. september. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

Athöfninni verður einnig streymt af vef Grafarvogskirkju: www.grafarvogskirkja.is.

Hrefna Henny Vikingur

Guðmundur Ívan Rósinkransson
Alexander Eli Rósinkransson Vikingur
Atlas Breki Rósinkransson Vikingur
Unnur Rut Rósinkransdóttir Hörður Finnbogason
Arna María Andrésdóttir Óttar Eggertsson
Sigurlín Edda Andrésdóttir
Guðbjartur G. Andrésen
Kristján B. Andrésen
Svala Konráðsdóttir Viðar Örn Linberg Steinþórsson
Sigrún Björg Vikingur Eyþór Söebeck Viðarsson
Haraldur Ólafsson Arnbjörg Pétursdóttir



Ástkær eiginkona mín, yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lilly Alvilda Samúelsdóttir

Brúnastekki 4,

andaðist á Landspítalanum 10. október í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 3. nóvember klukkan 13.

Margeir Pétur Jóhannsson

Jóhann Pétur Margeirsson Krístrún Helgadóttir
María Aletta Margeirsdóttir Halldór Már Reynisson
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartkær eiginkona mín,

Þóra Davíðsdóttir

Suðurlandsbraut 60,

lést 27. október á hjúkunarheimilinu Mörk.

Útför verður tilkynnt síðar.

Ólafur Pálmason



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Emil Finnbogason

blíkksmiður,
Hörðukór 5, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 21. október. Útförin fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 8. nóvember klukkan 13.

Guðrún Ásta Einarisdóttir

Ómar Einarsson Gisli Sverrisson
Viðar Einarsson Svanlaug Rósa Finnbogadóttir
Örn Einarsson Auður Ásdís Markúsdóttir
Sólveig Ragnarsdóttir
afa- og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Birna Sesselja Frimannsdóttir

áður kennari á Hvolsvelli og í Hveragerði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 23. október sl. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 3. nóvember kl. 13.00.

Allir eru hjartanlega velkomnir en útförinni verður líka streymt á: <https://youtu.be/ydvakXWc518>

Matthías, Ragneiður, Málfríður Klara og Kolbrún Kristiansen, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Innlegar þakkar fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Sveinbjörnssonar

professors emeritus,
Ártúnsbrekku við Elliðaár.

Guðrún Magnúsdóttir

Sveinbjörn Jónsson Sigrún Kristjánsdóttir
Þórunn Bergþóra Jónsdóttir Birgir Bachmann
Magnús Bjarni Jónsson Lucía Amorós Ribera
Halldór Jónsson Anna Dóra Helgadóttir
Ingibjörg Jónsdóttir Richard Fraser Yeo
afabörn og langafabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Þorsteinn Arason
(Donni)

málameistari frá Patreksfirði sem lést í faðmi fjölskyldunnar á Hrafnistu Laugarási sunnudaginn 24. október, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 5. nóvember klukkan 13.

Ari Jónsson

Ólafur Hafsteinn Jónsson Sigríður Ellen Þórisdóttir
Þór Jónsson Jónína Sóley Hjaltadóttir
Ægir Jónsson Eyrún Karlsdóttir
Helgi Rúnar Jónsson Katriona Briet Franciscosdóttir
Þorsteinn Geir Jónsson Linda Björk Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNISLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson Jóhanna Eiríksdóttir
www.utfarin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 2. nóvember 2021



Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir, fyrir miðri mynd, ásamt hljómsveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ljúfar nótur í Fríkirkjunni

starri@frettabladid.is

Lögin með Öddu Örnólfs, og fleiri smellir frá sama tíma, verða flutt á hádegistónleikum í dag í Fríkirkjunni í Reykjavík. Tónleikarnir eru hluti af hádegistónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Fríkirkjunni.

Adda Örnólfs var ein vinsælasta söngkona Þjóðarinnar um sex ára skeið, frá árunum 1953 til 1959, en hún lést á Landakotsspítala 2. september árið 2020, 85 ára að aldri. Meðal eftirminnilegra laga hennar má nefna lög eins og Kæri Jón, Ævinlega og Bjarni og nikkan. Einnig verða flutt lög eftir Eggert Thorberg Kjartansson og The Platters.

Hófst árið 2012

Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir, dóttir Öbbu, flytur lög móður sinnar ásamt hljómsveit. Auk Ragnhildar eru flytjendur söngkonurnar Kristín Sigurðardóttir og Lilja Eggertsdóttir, Gunnar Gunnarsson sem leikur á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Qyick sem spilar á trommur.

Tónleikaröðin Á ljúfum nótum í Fríkirkjunni hófst 2012 og er Lilja Eggertsdóttir umsjónarmaður hennar og listrænn stjórnandi. Tónleikarnir fara fram annan hvern fimmtudag í hádeginu.

Tónleikarnir hefjast kl. 12 og taka um hálf klukkustund. Aðgangseyrir er 1.500 kr. en ekki er tekið við greiðslukortum. Tónleikarnir eru styrktir af Tónlistarsjóði. ■

TARAMAR

Endurmótaðu húðina með lífvirkum efnum úr náttúru Íslands



Tuttugu alþjóðleg verðlaun

Skammdegið þarf ekki að vera erfitt

- Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimmum vetrarmorgnum
- 2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

D-vítamín

Orkublanda með kröftugum burnirót & d-vítamíni 2000 AE



Olgeir Pétursson og Andri Davíð Pétursson eru viðskiptastjórar hjá Aha. Aha stendur fyrir „Allra hagar“ en fyrirtækið hefur boðið upp á fjölbreytta verslun á netinu í áratug. Frá upphafi hefur verið hægt að kaupa gjafabréf á aha.is hjá ýmsum fyrirtækjum og í ár eykst fjölbreytnin enn frekar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Upplifun er gjöf sem endist

Gjafabréf Aha eru tilvalinn kostur í jólapakkann. Upplifun er gjöf sem gleymist seint og hentar vel þeim sem eiga allt. Hjá Aha er úrval af gjafabréfum fyrir ýmiss konar upplifanir eins og hótलगistingu, veitingahús, nudd og alls kyns afþreyingu á Íslandi. **2**



Hægt er að kaupa gjafabréf og prenta þau út heima eða fá þau útprentuð og fallega skreytt send heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Aha varð tíu ára á dögnum en frá upphafi hefur verið hægt að kaupa rafræn gjafabréf á vefsíðunni hjá þeim á einfaldan hátt heima í stofu. Í ár býður Aha í fyrsta sinn upp á hefðbundin gjafabréf eins og hægt er að kaupa í verslunum, fallega hönnuð og útprentuð.

„Það er hægt að skreyta gjafabréfin fallega og gefa jafnvel blómvönd með. Við erum í samstarfi við Blómastudio sem pakkar gjafabréfunum fallega inn. Við bjóðum einnig upp á heimsendingu á gjafabréfunum með blómum,“ segir Gerður Guðnadóttir, markaðsstjóri hjá Aha.

„Við höfum lengi boðið upp á gjafabréf frá íslenskum fyrirtækjum á tilboði á Aha þar sem þú getur til dæmis farið á hótél í tvær nætur, sem kostar kannski á fullu verði 50.000 krónur en þú færð það á 24.900. Margir kannast við þessi gjafabréf, en þau eru gríðarlega vinsæl, sérstaklega í kringum jólin. Viðskiptavinir geta keypt gjafabréfin á aha.is og prentað þau út heima hjá sér og gefið eða nýtt sjálfir,“ segir Olgeir Pétursson, viðskiptastjóri hjá Aha.

„Fyrir jólin bjóðum við upp á fjölbreytt gjafabréf fyrir ýmiss konar upplifanir á Íslandi, eins og hótélgestingu, út að borða og ýmis gjafabréf tengd ferðaþjónustunni, til dæmis í fjórhjólafærðir og snjósléðaferðir. Það er hægt að velja úr ýmsu.“

„Gjafabréf verða sífellt vinsælli gjöf með hverju árinu. Þau eru umhverfisvæn og það er skemmtilegt að gefa upplifun sem endist lengi. Minningarnar geta lifað í mörg ár og jafnvel áratugi,“ segir Helgi Már Þórðarson, annar eigenda Aha.

„Ég veit til þess að næturpössun sé oft látin fylgja með gjafabréfi í hótélgestingu eða út að borða, en það hefur að minnsta kosti slegið í gegn á mínu heimili,“ bætir Gerður við.



Hjá Aha er hægt að kaupa fjölbreytt gjafabréf fyrir hinar ýmsu upplifanir og afþreyingu. Gjafabréf eru góð gjöf sem nýtist öllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Einn kostur við gjafabréfin er að þú þarft ekki að fara neitt til að kaupa þau. Þú getur bara sest upp í sófa með kertaljós og klárað jólagjafainnkaupin á nokkrum mínútum. Svo ég tali fyrir sjálfan

mig þá kaupi ég gjafabréf fyrir alla fjölskylduna á innan við klukkutíma. Þetta sparar tíma og stress og er líka flott gjöf. Fólki finnst gaman að fá gjafabréf og ég veit að margir gefa svona gjafabréf aftur og aftur.“

Byggir á velvild og trausti

Í mars síðastliðnum voru tíu ár frá því að Aha.is var sett á stofn. Frá upphafi hefur fyrirtækið vaxið jafnt og þétt, enda þægilegt og fljótlegt að kaupa vörur, veitingar og þjónustu á vefsíðu fyrirtækisins.

Markmið Aha.is er að aðstoða hefðbundna veitingastaði og verslanir við að gera allt ferlið við verslun á netinu aðgengilegt, auðvelt og fljótlegt frá upphafi til enda. Þær verslanir sem selja sínar vörur hjá Aha.is þurfa ekki að hafa áhyggjur af tæknihliðinni því starfsfólk Aha sér alfarið um hana.

Frá upphafi hefur stefnan verið að starfrækja fyrirtæki sem byggir á velvild og trausti viðskiptavinarins. Það er gert með því að veita góða þjónustu og breitt úrval af vörum á hagstæðu verði, bæði til söluaðila okkar og kaupenda, en nafn fyrirtækisins Aha, stendur fyrir „allra hagar“.

Enginn vöruskortur á gjafabréfum

Olgeir bendi á að mikið hafi verið talað um að vöruskortur sé í uppsiglingu fyrir þessi jöl.

„Það er nú þegar vöruskortur í ýmsum verslunum en það er enginn vöruskortur í gjafabréfunum. Það að gefa gjafabréf sparar þess vegna stressið sem fylgir því að fara að leita að einhverju dóti bara til að gefa eitthvað. Hótelin eru ekki að fara neitt og það eru laus herbergi hjá þeim, það er engin vöruskortur þar svo þetta er frábær jólagjöf,“ segir hann og Helgi tekur undir:

„Með því að kaupa gjafabréfin ertu líka að styðja við íslensk fyrirtæki, íslenska verslun og íslenska þjónustuaðila eins og ferðaþjónustuna sem hefur átt erfitt undanfarin tvö ár,“ segir hann.

Hægt er að finna gjafabréf á tilboðsverði inni á vefsíðunni Aha.is undir tenglinum Tilboð. Gerður segir að á næstu dögum sé væntanlegur annar gjafabréfaflokkur sem er sérstaklega hugsaður fyrir jólagjafir.

„Þar verður mikið úrval af fyrirtækjum sem hægt verður að kaupa gjafabréf hjá og það bætist eitthvað reglulega við fram að jolum,“ segir hún.

„Þegar þú kaupir gjafabréf þá

” Gjafabréf verða sífellt vinsælli gjöf með hverju árinu. Þau eru umhverfisvæn og það er skemmtilegt að gefa upplifun sem endist.

Helgi Már Þórðarson

skiptir ekki máli hvar á landinu eða hvar í heiminum þú ert. Það er hægt að panta gjafabréfin á netinu og þau koma til þín strax í tölvupósti,“ segir Helgi.

„Við höfum verið að selja gjafabréf alveg til klukkan sex á aðfangadag,“ bætir hann við kíminn. ■

Hægt er að senda tölvupóst á gjafabref@aha.is og fá nánari upplýsingar eða í síma 546-5000.

Bílablaðið

2. NÓVEMBER 2021

FRÉTTABLAÐIÐ

Tangarsókn frá Kína

Kínverska innrásin á íslenska rafbílamarkaðinn er hafin en Aiyways er þriðja rafbílamerkið sem komið er í sölu hérlendis frá þessum heims- hluta. Fyrsti bíll merkisins heitir einfaldlega U5 og verður kynntur í lok vikunnar. **6-7**



MYND/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON



Toyota bZ4X er fyrsti hreini rafbíll merkisins og hefst sala á honum innan tíðar, en bíllinn var frum- sýndur í lok síðustu viku. **2**



Hyundai Ioniq 5 er margt til lista lagt og er vel heppnaður bræðingur fjórhjóladrifins rafbíls með nóg af plássi. **8**



Næsta kynslóð Nissan Leaf verður blendingsbíll með hærri veghæð þegar hann kemur á markað árið 2024. **10**

ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þau reynda vöru frá gæðaframleiðanda.



MAX1
BÍLAVAKTIN

EXIDE
TECHNOLOGIES

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

REKSTARLAND

olis



Frumútgáfur Ford Ranger hafa ekið um 1.250 þúsund kílómetra í prófunum hingað til.

Prófunarmyndir af næstu kynslóð Ford Ranger

njall@frettabladid.is

Ford er um þessar mundir að framkvæma lokaprófanir á næstu kynslóð Ford Ranger sem verður sú fjórða í röðinni. Ford sendi frá sér mynd af bílnum í dulargervi á dögunum en bíllinn verður frumsýndur á næsta ári. Nýr Ford Ranger verður byggður á sama undirvagni og Volkswagen Amarok pallbíllinn en Ford og VW Group hafa gert með sér stóran framleiðslusamning um atvinnubíla. Nýr Volkswagen Amarok verður einnig frumsýndur á næsta ári.

» Nýr Ford Ranger verður byggður á sama undirvagni og VW Amarok sem einnig verður frumsýndur á næsta ári.

Eins og sést á myndunum verður bíllinn nokkurs konar þróun á núverandi útliti þar sem blandast saman stærðarhlutföll evrópskra pallbíla við kassalaga útlit hins ameríska. Breytingarnar eru í takt við nýtt útlit stóra bróðir sem er F-150 pallbíllinn. Búast má við endurhönnuðu fjórhjóladrifi og nýrri fjöðrun svo dæmi sé tekið. Bílarnir verða búnir tveggja lítra EcoBlue dísilvélum, allavega til að byrja með.

Engar upplýsingar hafa borist frá Ford um hvort að rafdrifin útgáfa Ranger sé í kortunum, en þegar eru komnir fram rafútgáfur af Transit og F-150 svo það er ekki útilokað. Loks má búast við að innréttingin verði af nýrri gerð, svipuð og í Ford Kuga með skörpum átta tommu snertiskjá. Búast má við Raptor útgáfu fljótlega því að sést hefur til þannig útgáfu við prófanir jafnvel þó að Ford hafi ekki látið frá sér myndir af honum ennþá. ■

Fyrsti rafbíll Toyota loksins kominn fram á sjónarsviðið

Toyota bZ4x verður bæði fjórhjóladrifinn og framdrifinn þegar hann kemur á markað á næsta ári en hann fer í sölu í desember á þessu ári.

njall@frettabladid.is

Heimsfrumsýning á Toyota bZ4X, fyrsta bílnum sem Toyota hannar frá grunni sem rafbíll, fór fram á föstudaginn var og óhætt er að segja að bíði sé að bíða talsvert eftir slíkum bíl frá merkinu. Nú er hann kominn með þessu sérstaka nafni, bZ4X, þar sem bZ sem stendur fyrir beyond Zero, en þar er vísað til þess að Toyota mun þróa bíla sem skila frá sér 90% minna afkoltvísyringi árið 2050 en þeir gerðu 2010, hvort sem lítið er til framleiðslu eða notkunar.

Toyota bZ4X er fjórhjóladrifinn bíll í millistærð með þunnri rafhlöðu í gólfinu sem á að auka rými bílsins. Áætlað er að eftir 10 ára keyrslu eða 240.000 km notkun hafi rafhlöðan 90% af upprunalegri afkastagetu. Rafhlöðan er 71,4 kWh með 450 km drægi samkvæmt WLTP staðlinum. Hámarks hleðslugeta verður 150 kW sem þýðir að hægt verður að hlaða í 80% hleðslu á 30 mínútum. Tvær aflútfærslur verða í boði, annars vegar framhjóladrifin með 201 hestafla rafmótor með 265 Nm tugi, og hins vegar fjórhjóladrifinn með samtals 215 hestöfl og 336 Nm tugi. Framdrifsbíllinn verður 8,4 sekúndur í hundradíð en fjórhjóladrifsútgáfunni verður hægt að velja mismunandi akstursstillinga fyrir akstur í snjó eða torfærum.

Nýi bíllinn kemur á nýja e-TNGA rafbílaundirvagninum sem hannaður var í samstarfi við Subaru. Þess vegna verður tæknibúnaður bílsins með nýjum hætti og sjá má á innréttingu bílsins að kominn er nýr 7 tommu TFT skjár fyrir framan ökumann ásamt stórum upplýsingaskjá í miðjustokki sem getur uppfært hugbúnað gegnum netið. Undirvagninn á einnig að bjóða upp á gott fótaráymi fyrir farþega og farangursrýmið er 452 lítrar. Borinn saman við Toyota RAV4 er bZ4X 85 mm lægri en með 165 mm meira hjólhaf, enda er skögun hans mun styttri að framan og aftan. Von er á



Útlit Toyota bZ4x er í meginatriðum eins og útlit tilraunabílsins sem frumsýndur var fyrr á árinu.



Hjólhaf bZ4x er meira en á RAV4 og munar þar 165 mm enda eru hjólin utar á bílnum.



Með nýjum rafbílaundirvagni kemur ný innrétting með stórum upplýsingaskjá í miðjustokki.

rafstýrðu stýri í bílnum sem kynnt verður síðar fyrir þá bíla sem framleiddir eru fyrir Evrópumarkað. Kerfið kallast One Motion Grip og sér mótor um að stilla stöðu framdekkjanna í stað hefðbundins stýrisbúnaðar. Að sögn Toyota á það að auka fótaráymi í öikumannssæti og minnka snúning á stýrinu.

Hægt verður að leggja inn pantanir fyrir bílnum í desember næstkomandi og þá verður líka verð bílsins kynnt, en áætlað er að fyrstu afhendingar hans verði strax á næsta ári. ■

MICKEY THOMPSON

M/T

JEPPADEKK



DEEGAN 38
A/T

BAJA
MTZp3

BAJA
ATZp3

DEEGAN 38

BAJA
CLAW

BAJA
CLAW TTC

IceTrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



Rafbíll mest seldi bíll Evrópu

njall@frettabladid.is

Tesla Model 3 hefur náð þeim einstaka árangri að verða mest seldi bíll Evrópu, en það er í fyrsta skipti sem að rafbíll nær þeim eftirsóknarverða titli. Að vísu er hér aðeins átt við sölu á mánaðarlegum grundvelli og hafa þeir huga að sendingar Tesla geta verið stórar og haft mikil áhrif á sölutölur í ákveðnum löndum. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að Tesla afhenti næstum 250.000 bíla á síðasta ársfjórðungi.

Tesla Model 3 er eini rafbíllinn á topp tíu listanum í septembermánuði í Evrópu, en auk þess er hann langmest seldi rafbíll Evrópu og seljast þrír slíkir á móti einum af næsta bíl í röðinni sem er systurbíllinn Tesla Model Y. Þegar árið í ár er borið saman við 2020 hefur sala Tesla í Evrópu aukist um 77% á milli ára. ■



Tesla Model 3 er fyrsti rafbíllinn til að ná því að vera söluhæsti bíll Evrópu á mánaðarlegum grundvelli.

Topp tíu listinn í september 2021

1. Tesla Model 3: 24.591
2. Renault Clio: 18.264
3. Dacia Sandero: 17.988
4. Volkswagen Golf: 17.507
5. Fiat 500: 16.349
6. Opel Corsa: 15.502
7. Peugeot 208: 14.931
8. Hyundai Tucson: 14.088
9. Peugeot 208: 13.895
10. Renault Captur: 13.715




... 0000G SLAKA

TOYOTA RELAX



Við framlengjum ábyrgðina á Toyota bílnum þínum um 12 mánuði* í senn þegar þú kemur í þjónustuskoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota. **Toyota Relax** er í boði þar til bíllinn verður 10 ára eða hann ekinn 200.000 kílómetra - hvort sem fyrr kemur.

Nánari upplýsingar á www.toyota.is



* Toyota RELAX ábyrgð gildir í 12 mánuði frá og með þjónustuskoðun bifreiðar eða í 15 þúsund km akstur (20 þúsund í tilvikum Proace) – hvort sem fyrr kemur. Íhlutir sem gert er athugasemd við í þjónustuskoðun og sem ekki eru lagaðir falla ekki undir Toyota RELAX ábyrgð. Bíll er gjaldgengur í Toyota RELAX ef hann er fluttur inn af Toyota á Íslandi, er keyrður minna en 200 þúsund km og er ekki orðinn 10 ára gamall. Bílar með minna en 12 mánuði eftir af núgildandi ábyrgð (5 ára eða 7 ára) eru EINNIG gjaldgengir í Toyota RELAX – að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrirvari við 5 og 7 ára ábyrgð bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingum ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.



Vélin í Corvette Z06 2023 nær rauða strikinu í 8.600 snúningum.

Corvette Z06 loksins frumsýndur

njall@frettabladid.is

General Motors hefur frumsýnt 2023 árgærd Corvette Z06 ofur-sportbilsins með öflugustu V8 vél án forþjöppu sem framleidd hefur verið í Bandaríkjunum. Vélin er 670 hestöfl og skilar 624 Newton-metra togi. Svona til samanburðar skilar Cadillac CT5-V Blackwing 668 hestöflum með keflablásara. Vélin er 5,5 lítrar og það sem er öðruvísi við hana er að hún er með láréttari sveifarás en gengur og gerist sem bæta á endingu hennar undir álagi. Vélin er ekkert sérlega togmikil en skilar miklu afli á háum snúningi sem hentar vel brautarbil eins og þessum.

Vélin hefur í raun og veru verið í prófunum síðan 2019 þegar byrjað var að nota hana í C8-R keppnisbilnum. Þessu til við-

Með nýju 5,5 lítra vélinni er komin öflugasta V8 vél sem framleidd hefur verið á forþjöppu í Bandaríkjunum.

bótar er margt gert til að létta bílinn með því að nota koltrefjafelgur, koltrefja-keramikbremsur og endurhannaðan undirvagn. Margt annað í bílnum minnir á keppnisbil eins og oliukerfi með oliutanki undir þrýstingi, sérhannað þústkerfi og fjöðrun, auk sex stimpla bremsudæla. Að aftan verður stillanleg vindskeið og í koltrefja-útgáfu bílsins er stór loftdreifari að framan auk loftflæðipakka. ■

Hyundai mest selda merkið í október

njall@frettabladid.is

Sala nýrra fólksbíla í október jókst um 6,5% miðað við október í fyrra, en alls voru skráðir 788 nýir fólksbílur nú en í október 2020 voru 740 nýir fólksbílur skráðir. Í heildina eftir fyrstu 10 mánuði ársins hefur sala nýrra fólksbíla aukist um 32% miðað við sama tímabil í fyrra. Í ár hafa selst 10.568 nýir fólksbílur samanborið við 8.008 nýja fólksbíla í fyrra. Í október var Hyundai mest selda fólksbílagæundin með 112 selda fólksbíla, þar á eftir kemur Volvo með 69 selda fólksbíla og þriðja mest selda fólksbílagæundin í október var Toyota með 67 fólksbíla skráða, segir í fréttatilkynningu frá Bilgreina-sambandinu.

Til einstaklinga seldust 525 nýir fólksbílur í október samanborið við 369 á sama tíma í fyrra og er því aukning í sölu til einstaklinga rúmlega 42% milli ára í október. Það sem af er ári hafa selst 4.856 nýir fólksbílur til einstaklinga en í fyrra á sama tíma var búið að selja 4.357 nýja fólksbíla sem þýðir aukningu í sölu til einstaklinga um 11,5% það sem af er ári. Almenn fyrirtæki (önnur en ökutækjaleigur) keyptu 134 nýja fólksbíla í október í ár miðað við að hafa keypt 217 bíla í október í fyrra. Það sem af er ári hafa selst 1.625 nýir fólksbílur til almennra fyrirtækja en í fyrra á sama tíma voru seldir 1.729 nýir fólksbílur og er því sam-



Hyundai-merkið er söluhæst á Íslandi í októbermánuði með 112 selda bíla.

Hlutfall nýorkubíla heldur áfram að hækka og rafbílur eru tæpur fjórðungur seldra bíla í október.

dráttur í sölu nýrra fólksbíla til fyrirtækja 6,0% það sem af er ári.

Nýorkubílar (rafmagns, tengiltvinn, hybrid, metan) eru rúmlega 69% allra seldra nýrra fólksbíla á árinu en hlutfall nýorkubíla heldur áfram að aukast jafnt og þétt enda er vöruúrval stöðugt að aukast

með fleiri valkostum (rafmagn 24,82%, tengiltvinn 24,87% og hybrid 19,54%) en þetta hlutfall var í heildina 54,25% á sama tíma á síðasta ári. Enn fleiri velja nú annaðhvort hreina rafmagnsbíla eða tengiltvinnbíla enda heldur hlutfall aksturs á rafmagn tengiltvinnbíla áfram að aukast með aukinni drægni og betri tækni. Flest allir tengiltvinnbílar hafa orðið það mikla drægni í akstri á rafmagn eingöngu að það dugar til daglegrar notkunar flestra og þá sérstaklega við akstur innanbæjar. Hlutfall nýorkubíla seldum í október er um 84,5%. ■

KYNNING

Rafræn þinglýsing bílalána sparar spor og tíma

Lykill varð nýlega fyrst íslenskra lánaþinglýsinga til að framkvæma rafræna þinglýsingu vegna bíla-kaupa.

„Þetta er öruggt, skilvirkt og umhverfisvænt skref sem allir fagna sem að málinu koma; jafnt kaupendur, seljendur, bílasalar og lánaþinglýsingar,“ segir Herbert Svavar Arnarson, forstöðumaður Lykils fjármögnunar, um þinglýsingar veðskuldabréfa sem nú bjóðast rafrænar í fyrsta sinn vegna bíla-kaupa.

Rafrænni þinglýsingu fylgir mikil hagræðing.

„Sem dæmi geta kaupendur nú undirritað skjöl á þeim tíma sem hentar hverjum og einum, og ekki er lengur þörf á að finna tvo votta til að votta undirskrift, dagsetningu og fjárræði aðila. Þá minnka líkur á rangri undirritun og villum, og séu tveir aðilar á kaupsamningi er nóg að annar aðilinn fari til að sækja bílinn, en áður þurftu báðir aðilar að fara á bílasöluna til að undirrita. Nú er heldur engin ástæða fyrir seljanda bíls að koma aftur, þar sem hægt er að framkvæma allt kaupferlið rafrænt,“ upplýsir Herbert.

Fyrir Lykil og fjármögnunaraðila þýðir rafræn þinglýsing veðskuldabréfa mun minni pappír- og bleknokkun. Þá eru allir pappírar á einum stað og þarf ekki lengur að halda utan um þá og setja í möppur.

„Það dregur úr hættu á að pappírar glattist eða týnist, og nú þarf ekki heldur að keyra með pappíra til Lykils, en þess þurfti áður til að fjármögnunaraðili hefði frumrit. Þá tekur núna aðeins fáeinir sekúndur að fá rafræna þinglýsingu, en áður tók það nokkra daga.“

Bíla kaup einfölduð til muna

Lykill er fyrsta íslenska lánaþing-



Herbert Svavar Arnarson er forstöðumaður hjá Lykli fjármögnun.

MYND/SIGURJÓN SIGURJÓNSSON

tækid sem framkvæmdu rafræna þinglýsingu veðskuldabréfs við bifreiðakaup í sjálfvirku ferli, en það gerðist í kjölfar þess að fjármálastofnunum var nýverið gert kleift að þinglýsa veðskuldabréfum rafrænt við bifreiðakaup.

Ferlið er hluti af verkefninu Stafræn þjónusta sýslumanna og hafa sýslumenn, dómsmálaráðuneytið, Þjóðskrá, Stafrænt Ísland og fleiri unnið að stafrænum lausnum á áður tímafrekum og algengum viðvikum almennings hjá sýslumönnum.

„Fyrsta rafræna þinglýsta veðskuldabréfið fór í gegn hjá Lykli daginn fyrir alþingiskosningar, 24. september. Með þessu hafa bifreiðakaup verið einfölduð til muna. Tímasparnaður og hagræði

er mikið þegar kemur að akstri og ferðum með skjöl til þinglýsinga, því áður þurfti bílasalinn að koma með frumritin til okkar, svo við að fara með þau til sýslumanns í þinglýsingu. Með rafrænni þinglýsingu er því orðið mun auðveldara að ganga frá láninu og öllu sem því fylgir. Hún sparar fólki sporin með einföldum og umhverfisvænum hætti, og nú geta kaupendur og seljendur bifreiða gengið frá kaupunum á þægilegan máta uppi í sófa heima,“ greinir Herbert frá.

Rafræn viðskipti eru örugg

Lykill getur nú boðið viðskiptavinum sínum rafræn viðskipti, hvort heldur sem það er með bílalánunum eða bílasamningum. „Ferlið er öruggt því innskráning

fer fram með rafrænum skilríkjum sem talin eru öruggari en undirritun á pappír og hefur samkvæmt lögum sama gildi og skrifleg undirritun. Því er ástæðulaust að vera uggandi eða hika við að undirrita og samþykkja lánaskilmála með rafrænum hætti, ekki frekar en að skrifa undir þá, þrátt fyrir að gengið sé frá stórum skuldbindingum og það í farsímanum,“ útskýrir Herbert.

Bílasala hefur verið með eindæmum góð undanfarna mánuði og ár og segir Herbert möguleikann á að ganga frá þinglýsingu á rafrænan, skjótan og þægilegan máta, geta haft betri áhrif á bílasölu.

„Rafræn þinglýsing gengur fyrir allan flotann, hvort sem um er að

Núna tekur aðeins fáeinir sekúndur að fá rafræna þinglýsingu, en áður tók það nokkra daga.

Herbert Svavar Arnarson

ræða notaðan bíl eða glænjan úr kassanum. Sem lánaþinglýsing vinnur við náði með bílasölum og bílaumbodum landsins, og það er samstarf og þjónusta sem við veitum til að auðvelda viðskiptavinum bíla kaup og lán fyrir bílum,“ segir Herbert.

Hjá Lykli var þess beðið í ofvæni að rafrænni þinglýsingu væri hleypt af stökkunum.

„Rafræn þinglýsing er samstarfsverkefni á milli margra aðila og á tæknifólkið okkar hrós skilið fyrir að hafa lagt mikla og vandaða vinnu í verkefnið í samstarfi við Þjóðskrá, sem og bílasala við að koma þessu á koppinn,“ upplýsir Herbert.

Lykill er í dag eina lánaþinglýsing sem framkvæmir rafræna þinglýsingu vegna bíla-kaupa.

„Bílalán eru 80 prósent af öllum samningum sem Lykill gerir og mikill meirihluti viðskiptavina sem kys að taka bílalán. Því er mikill akkur í því að ríkið sé komið af stað í þessa vegferð, að bjóða upp á rafrænar þinglýsingar í gegnum Stafrænt Ísland, öllum aðilum til mikils hagræðis og þæginda. Við hlökkum til framhaldsins,“ segir Herbert. ■

Lykill fjármögnun er í Síðumúla 24. Sími 540 1700. Sjá nánar á lykill.is

TRYGGÐU ÞÉR ECLIPSE CROSS FYRIR ÁRAMÓT



Til afhendingar strax

Fjór hjóladrifinn tengiltvinnbíll

Eclipse Cross PHEV er fjór hjóladrifinn tengiltvinnbíll sem gengur fyrir rafmagni og bensíni og tekur þig allt að 45 kílómetra (skv. WLTP) á rafmagninu eingöngu. Hann kemur með 2,4 lítra sparneytinni bensínvél og 13,8 KWst rafhlöðu. Nýr Eclipse Cross PHEV er með lyklalausú aðgengi, hraðastilli, bakkmyndavél, þreytuviðvörðun, akreina vara og svona mætti lengi telja. Þú kemst lengra á nýjum og glæsilegum Eclipse Cross PHEV. Komdu í heimsókn og skoðuðu glæsilegan grip.

MITSUBISHI ECLIPSE CROSS PHEV INVITE 

Verð **5.490.000 kr.**

Skoðu úrvalið á www.hekla.is/mitsubishisalur



www.mitsubishi.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Fylgdu okkur!



@mitsubishi



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Aiways U5

KOSTIR

- Verð
- Rými í aftursætum

GALLAR

- Ónákvæmni í stýri
- Höfuðpúði
- Fjarlægðarskynjari

Grunnverð: 5.190.000 kr.
Hestöfl: 204
Tog: 310 Nm
Hámarkshraði: 160 km
Hröðun 0-100 km: 7,5 sek.

Rafhlaða: 63 kWst
Drægi: 410 km
L/B/H: 4.680/1.865/1.700 mm
Hjólhaf: 2.800 mm
Veghæð: 150 mm

Farangursrými: 432 lítrar
Eigin þyngd: 1.795 kg
Eyðsla WLTP: 17 kWst/100 km
Hraðhleðslugeta: 35 mín 20-80%



Útlit Aiways U5 er jepplingslegt þótt hann verði aðeins boðinn með framdrifi.

MYNDIR/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON

Tangarsókn frá Kína

Aiways U5 er nýr á Íslandi og þessi kínverski rafbíll vekur athygli fyrir gott pláss og búnað ásamt góðu verði sem eru kostir sem flestir geta sætt sig við.

Hvaða bíll er nú þetta?, er spurning sem maður fékk nokkrum sinnum með þennan bíl í reynsluakstri og því rétt að reyna að svara því. Aiways er lítið kínverskt merki sem er stofnað af fyrrum starfsmönnum Volkswagen, Audi China og FAW, sem er stór kínversk bílasamsteypa.

Aðalhönnuður merkisins er Ken Okuyama sem vann áður hjá GM í Evrópu og hefur bakgrunn í gervigreind. U5 er fyrsti bíll merkisins og er hann nýkominn til Evrópu og er Ísland eitt fyrsta landið utan Kína og Bandaríkjanna til að taka hann í sölu.

Vel lagt í innréttingu

Þegar gengið er að U5 í fyrsta skipti opnar hann með lykllausu aðgengi og ræsir bílinn þegar stigið er á bremsuna, og er því enginn ræsihnappur í bílnum. Framsæti eru einnig stór og þægileg en höfuðpúði er fastur og ekki hægt að stilla hann neitt.

Það er ágætis efnisval í bílnum og innréttingin vandaðri en maður hefur átt að venjast í kínverskum bílum hingað til, og er jafnvel



á pari við það sem maður sér í Evrópuframleiddum bílum. Upplysingaskjái eru fjórir og hægt að velja um hvað birtist á sumum þeirra.

Bíllinn er ekki búinn leiðsögukerfi en hægt að velja þann möguleika gengum Apple CarPlay. Eitt vakti athygli manns í akstri bílsins, en það er falin myndavél fremst í bílnum sem gefur skyndilega frá sér viðvaranir ef að ökumaður

tekur augun of lengi af veginum til dæmis. Þótt vel sé meint er þetta frekar pirrandi búnaður sem gott er að vita að hægt sé að slökkva á. Hins vegar var ekki hægt að slökkva á pípi í fjarlægðarskynjara með einni aðgerð ef komið var of nálægt föstum hlut og er það ókostur í bílalúgu til að mynda. Óhætt er að segja að um vel búinn bíl sé að ræða því grunnútgáfan er með rafstýrðum framsætum,

fjarlægðarskynjurum áreskrarvara, bílastæðaaðstoð og 360 gráðu myndavél.

Ekkert hanskahólf

Aiways U5 er fyrsti bíllinn sem ég hef prófað sem er án hanskahólfs. Það er kannski ekki þörf fyrir það með þeim hölfum sem finnast í honum og það eykur vel fótplássid fyrir framan farþega, svo mikið er víst. Nóg er af pláss í

Stór upplýsingaskjær fyrir miðju er með Apple CarPlay og Android Auto en ekki með innbyggðu leiðsögukerfi.



Handföng bílsins smella út þegar ökumaður nálgast bílinn.

U5 og þar er aftari sætaröðin í sér-flokki. Fótapláss þar er svo gott að það jaðrar við limósínu, en auk þess er gott hliðarpláss og gluggasætin tvö eru með dýpri setu svo þar getur farið vel um þá sem eru mjög hávaxnir.

Farangursrými er 432 lítrar sem er svipað og í Mustang Mach-E og gólfíð er í sömu hæð og studarinn sem gerir notkun þess þægilega. Því til viðbótar er ágætis hólf undir húddi bílsins þar sem hægt er að koma fyrir nokkuð stórum pinklum.


Kvikur í akstri

Undirvagninn U5 kemur frá Bosch og eitt af því sem vekur strax athygli manns er hversu hljóðlátur bíllinn er og laus við veghljóð að mestu. Eina sem heyrst vel er ákveðinn söngur rafmótorsins við vissan hraða. Bíllinn er nokkuð kvikur í akstri og léttur í stýri. Hægt er að stilla þyngdina á stýrisátakinu og var bíllinn hafður þyngsta átaki. Samt er það frekar

Fasteignablaðið

36. TBL. 2. NÓVEMBER 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili

fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNUN 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurason Fránkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali, leigumálarí 896 5222 ingolfur@valholl.is	Heiðar Friðjónsson Sölustjóri, löggiltur fasteignasali B.Sc. 693 3356 heidar@valholl.is	Hildur Harðardóttir Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali, skjalagerð. 897 1339 hildur@valholl.is	Snorri Snorrason Löggiltur fasteignasali 895 2115 snorri@valholl.is	Hölmfríður Björgvinsdóttir Ritari ritari@valholl.is 588 4477 holmfridur@valholl.is
Hrafnhildur B. Baldursdóttir Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnsálfraedi. 862 1110 hrafnhildur@valholl.is	Pétur Steinar Jóhannsson Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi 893 4718 petur@valholl.is	Anna F. Gunnarsdóttir Löggiltur fasteignasali Lista og innviðs stílisti 892 8778 anna@valholl.is	Sturla Pétursson Löggiltur fasteignasali 899 9083 sturla@valholl.is	Elin Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali 695 8905 elin@valholl.is



Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

BERG
FASTEIGNASALA

David Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala



Húsið, sem er á einni hæð, er með góðum garði og aðstöðu til að setjast út á góðviðrisdögum. MYNDIR/AÐSENDAR

Raðhús á einni hæð fyrir 60+ í nágrenni við Hrafnistu

Fold fasteignasala kynnir:
Vandað raðhús á einni hæð
fyrir 60+ við Jökulgrunn 3,
rétt við Hrafnistu í Reykjavík.

Tveggja herbergja raðhús sem
skiptist í stofu, eldhús, svefnher-
bergi, baðherbergi og geymslu.
Komið er inn í anddyri með
flisum og fataskáp. Stofan er rúm-
göð og parketlögð.
Eldhús með fallegri eldhúsin-
réttingu, með AEG helluborði og
ofni í vinnuhæð, gluggi í eldhúsi og
borðkrókur.
Rúmgott svefnherbergi með
skápum. Hol með skápum.
Flíslagt baðherbergi með
sturtuklefa tengt fyrir þvottavél og
þurrkara.
Rúmgöð geymsla innan íbúðar.
Frá stofu er gengt út á hellulagða
verönd og frá henni í litinn sér-
garð, einnig er garður fyrir framan
húsið.
Frábært raðhús á einni hæð á
góðum stað nálægt Hrafnistu í
Reykjavík.
Fold Fasteignasala, Sóltúni 20,
105 Reykjavík, sími 552-1400, net-
fang fold@fold.is
Þjónustusímar utan skrifstofu-
tíma: Einar 893-9132, Gústaf
895-7205, Hlynur 624-8080 og
Viðar 694-1401, fold.is, við erum á
Facebook. ■



Stofan er rúmgöð og parketlögð og þaðan er útgengt á veröndina.



Húsið er í nálægð við Hrafnistu á skemmtilegu raðhúsasvæði.

Opið hús í dag kl. 16-17 að Jökul-
grunni 3. Verið velkomin, vinsam-
legast tilkynnið komutíma.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Jörðin Krákumýri í Flóahreppi - Verð 105.000.000.



Jörðin Krákumýri í Flóahreppi. Verð 105.000.000.
Jörðin er í ca 15 mín aksturs fjarlægð frá Selfossi, nánast allt á bundnu slitlagi. Á Jörðinni er nýlegt og snyrtilegt 151,1 fm fimm herbergja einbýlishús á tveimur hæðum byggt árið 2017 úr timbri, klætt með aluzink. Frá húsinu er virkilega fallegt útsýni til fjalla og mjög víðsýnt. Húsinu fylgir nýlegt hesthús sem rúmar vel 8 hesta og aðstöðu fyrir hnakkageymslu.

Einnig er 57,3 fm vélaskemma með góðri innkeyrsluhurð. Einnig eru nokkrir geymsluskúrar og stórt plast gróðurhús. Jörðin er 47,1 ha að stærð, afgirt og að stærstum hluta gott beitar- og ræktarland.

Nánari upplýsingar veitir Hafsteinn Þorvaldsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteigna- og skipasali s. 891-8891 og 512-3400, hafsteinn@fasteignasalan.is

Hrosshagi 3 - Verð 85.000.000.



Hrosshagi 3. Verð 85.000.000. Einbýli, hesthús fyrir 26 hesta og reiðskemma. Snyrtilegt og talsvert endurnýjað 126,7 fm fjögurra herbergja einbýlishús ásamt 81,0 fm bílskúr og 27 fm geymslu, samtals 234,7 fm byggt árið 1987 úr timbri og stendur húsið í Hrosshaga sem er spölkörn frá Reykholti. Að utan er húsið klætt með timbri og járn er á þaki. Húsið stendur hátt í landinu og er virkilega

fallegt útsýni m.a. til Heklu, yfir Tungufljót og Hrunamannahrepp. Húsinu fylgir stórt og rúmgott 264,9 fm hesthús ásamt sambyggðri 195 fm reiðskemma. Við húsið eru þrjú ný gerði.

Nánari upplýsingar veitir Hafsteinn Þorvaldsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteigna- og skipasali s. 891-8891 og 512-3400, hafsteinn@fasteignasalan.is

ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Reykjavík: Grafarholt, Grafarvogur, Miðbær og Vesturbær.



KEILUGRANDI 9 · 107 RVK.



50 ferm.
2ja herb.
101 íbúð nr.

Búseturéttur: 7.524.818 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 161.406 kr.
Mögulegt lán: 3.762.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

PVERHOLT 15 · 105 RVK.



75,8 ferm.
2ja herb.
501 íbúð nr.

Búseturéttur: 10.677.256 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 233.819 kr.
Mögulegt lán: 5.338.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

FROSTAFOLD 20 · 112 RVK.



78,1 ferm.
3ja herb.
802 íbúð nr.

Búseturéttur: 4.607.174 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 178.201 kr.
Mögulegt lán: 1.400.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

KRISTNIBRAUT 61 · 113 RVK.



101 ferm.
4ra herb.
401 íbúð nr.

Búseturéttur: 5.196.000 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 214.192 kr.
Mögulegt lán: 1.300.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

KRISTNIBRAUT 65 · 113 RVK.



110,4 ferm.
4ra herb.
203 íbúð nr.

Búseturéttur: 6.813.450 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 230.035 kr.
Mögulegt lán: 1.700.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í janúar.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

Birt með fyrirvara um villur og breytingar

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

NÝTT Í SÖLU

Umsóknarfrestur: Til **10. nóv.** kl. 16.
Rafræn úthlutun: 11. nóv. kl. 12.

Umsækjendum er ráðað í röð þar sem hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu tilboðsfjánhæð er að ræða er farið eftir félagsnúmeri.

BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ:



HAFÐU SAMBAND

BÚSETI.IS
buseti@buseti.is
Sími: 556 1000



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg.
fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigríður@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

Stuðlaskarð 9-15 – Nýjar íbúðir í Skarðshlíðinni í Hafnarfirði.



6

ÍBÚÐIR EFTIR



- Stuðlaskarð 9-15 eru tvö tveggja hæða hús, hvort með fjórum íbúðum og tvö þriggja hæða hús, hvort með fjórum íbúðum.
- Allar íbúðir eru með sérinngangi.
- Íbúðirnar eru nú þegar fullbúnar og tilbúnar til afhendingar við kaupsamning.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, eldhústæki eru frá AEG og blöndunar-tæki frá Tengi. Íbúðin skilast með flísam á gólf á baði og þvottaherbergi.
- Húsin eru vel staðsett við nýja vegtengingu við Skarðshlíðarhverfið.
- Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

Laufásvegur 19. 3ja herbergja íbúð - sérinngangur.



OPIÐ HÚS
Í DAG

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag
frá kl. 17.00 – 17.30

- Mikil endurnýjuð 110,0 fm. íbúð á jarðhæð auk tveggja geymslna í góðu steinsteyptu húsi við Laufásveg í Reykjavík.
- Íbúðin var öll innréttuð árið 2017 m.a. gólfefni, innihurðir, eldhúsinrétting og tæki, baðherbergi og raflagnir. Loft voru tekin niður að hluta og sett innfeld lýsing.
- Lofthæð í íbúðinni er um 2,75 metrar. Rúmgóð og björt stofa með gluggum í tvær áttir. Þvottaherbergi innan íbúðar.
- Íbúðin er með sérinngangi, einnig er hægt að ganga inn í hana úr sameiginlegu stigahúsi hússins.

Verð 64,9 millj.

Fornhagi 24 – 5 herbergja sérhæð.



OPIÐ HÚS
MIÐVIKUDAG

Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag
frá kl. 17.00 – 17.30

- 5 herbergja 151,5 fermetra sérhæð, efri hæð, að meðtöldum 26,6 fermetra bílskúr í fjórþýlishúsi við Fornhaga í vesturbæ Reykjavíkur.
- Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með nýlegri innréttingu og rúmgóðum borðkrók. Tvö herbergi auk forstofuherbergis.
- Tvennar svalir og stór sameiginleg garður með flötum og trjágróðri.
- Frábær staðsetning. Stutt í alla þjónustu og skóla.

Verð 89,5 millj.

Eignarlóðir í landi Leirubakka, Rangárþingi ytra.



- Til sölu fjórar samliggjandi frístundalóðir, eignarlóðir, í Fjallalandi í landi Leirubakka, Rangárþingi ytra. Lóðirnar seljast saman eða sitt í hvoru lagi.
- Lóðirnar eru 6.500 fm. og 7.000 fm. að stærð og standa þær saman á óbyggðu svæði sem alls nemur nokkrum hekturum. Því er mjög rúmt um þessar lóðir innan deiliskipulagsins.
- Landið er vaxið birkikjarri með tilkomumikilli fjallasyn frá Búrfelli í norðaustri til Heklu í austri og Þríhryngis í suðri.
- Reisa má á hverri lóð allt að 160 fm. hús á einni hæð með mænishæð að 4,5 metrum frá gólfkóta. Auk þess má byggja 25 fm. hús með 3 metra mænishæð í innan við 20 metra fjarlægð frá aðal-húsinu.

Kirkjulundur 14 – Garðabæ. 3ja herbergja íbúð.



- Glæsileg 3ja herbergja 105,3 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð að meðtalni sér geymslu í vönduðu fjölþýlishúsi með lyftu í Garðabæ. Sér bilastæði í bilageymslu.
- Yfirbyggðar opnanlegar flisalagðar svalir til suðvesturs. Innfeld lýsing er í loftum að hluta og íbúðin er nýmáluð að innan.
- Eikarparket með kvistum er á gólfum og quartz er á borðum innréttinga í eldhúsi og á baðherbergi.
- Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 79,5 millj.

Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.



- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götu-hæð Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hljóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er 19.980 fm að stærð. Afgirt malbikað stórt bílaplan með fjölda bilastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarhlutanum.

Verð 129,5 millj.

Dugguvogur – 3ja herbergja íbúð



- Smekklega innréttuð 106,9 fermetra endaíbúð með gluggum í þrjár áttir og rúmgóðum suðursvölum í nýju fjölþýlishúsi með lyftu við Dugguvogur í Reykjavík auk sér bilastæðis í bilageymslu.
- Stofa með guggum til suðurs og vesturs. Komin er heimild til að byggja yfir svalir.
- Seljendur hafa sett dimmera á flest ljós í íbúðinni og bætt nettengingar.
- Sólarhrindandi rúllugluggatjöld eru fyrir öllum gluggum í íbúðinni og Blinds í hjónaherbergi.
- Sameiginleg falleg og fullfrágengin lóð til suðurs, skjólsæl með veröndum, tyfðum flötum og stéttum.

Verð 67,9 millj.

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignissakar



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090



Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 775 6000



Ómar Hvannadal
hdl. & aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200



Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 825 0339



Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasali
Sími: 770 0500



Þröstur Þórhalsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Þóroddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 859 4508



Svein G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Óskar H. Bjarnason
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931



Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 696 6232



Friðrik P. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignasali
Sími: 616 1313



Friðjón Ó. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasali
Sími: 691 2312



Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929



Ragnheiður Péturs
hdl. og löggiltur fasteignasali



Hraunhólar 21

210 Garðabær

Vandað og vel skipulagt 274 fm fjölskylduhús

- Barnvæn staðsetning við opið grænt svæði, göngufæri við skóla og aðra þjónustu
- Veglega innréttað. Góð alrými, 4-5 svefnherbergi, fataherbergi, tvö baðherbergi, gott þvottahús
- Tvöfaldur bílskur
- Falleg frágengin lóð, sólrík verönd og gott bílplan

Verð: **159,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is



OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 3. nóv
milli kl. 17.00 - 17.30

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jasoni í síma 775 1515

Vatnsstígur 20-22

101 Reykjavík - íb. 305

Falleg 2ja herbergja 74,6 fm íbúð á 3. hæð

- Stofa og eldhús í opnu rými
- Svefnherbergi, baðherbergi, og sér þvottahús
- Stórar svalir til suðvesturs
- Lofthæð er um 2,7 metrar.
- Gólfhiti
- Stæði í bílageymslu
- Stutt er í iðandi mannlíf, alla þjónustu miðborgarinnar

Verð: **71,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jörunni í síma 845 8958

Skúlagata 10

101 Reykjavík

Glæsilegt 149 fm húsnæði, búið að skipta í tvær íbúðir eða skrifstofur

- Sérinngangur, gólfíðir gluggar
- Nýbúið að endurnýja alveg, eldhús, baðherbergi, stofur, gólfefni, loftræstikerfi sem og raflagnir
- Húsnæði á einu fastanúmeri
- Einstök staðsetning við miðborg Reykjavíkur
- Laust strax.

Verð: **94,9 millj.**



Nánari upplýsingar:
Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

569 7000

**Með þér
alla leið**

miklaborg.is



Bergþórugata 3
101 Reykjavík - íb 202

Sérlega glæsilega endurnýjuð 74,6 fm íbúð á 2. h

- Vandaðar og glæsilegar nýjar innréttingar og gólfefni
- Steinn í borðum vaxborið eikarparket á gólfum
- Suður svalir, fallett útsýni
- Stæði fylgir á baklóð
- Þvottahús og hjólageymsla á jarðhæð

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Þórunni í síma 773 6000



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is




Verð: **67 millj.**

NÝTT Í SÖLU



OPÍÐ HÚS miðvikudaginn 3. nóvember kl. 16.00 - 17.30

Hjarðarhagi 11
107 Reykjavík

Björt 4ra herbergja 102,5 fm íbúð á 1 hæð í litlu fjölbýli ásamt sameiginlegum bílskúr

- Svalir til vesturs
- Rúmgóðar stofur, snyrtilegt eldhús
- Þrjú svefnherbergi




Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is




Verð: **61,9 millj.**



Efstaleiti 27
103 Reykjavík

Falleg 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi.

- Íbúðin er 72,7 fm með stórum svölum 19 fm í suðurátt.
- Íbúðin er vel skipulögð og fylgir bílastæði í kjallara ásamt sérgeymslu í sameign.
- Vandað og nýlegt hús á rótgrónu miðborgarsvæði við Efstaleiti.
- Eignin er laus strax við kaupsamning.

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Írisi í síma 770 0500



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali




Verð: **71,5 millj.**

OPÍÐ HÚS miðvikudaginn 3. nóvember kl. 17.30 - 18.00

Perlukór 1c
203 Kópavogur - íb. 109

Glæsileg og vel skipulögð 97,7 fm íbúð

- Opíð eldhús inn í bjartar stofur
- Útgengt út á stórar suðurvestur svalir
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Stæði í lokaðri bílageymslu
- Geymsla 8,4 fm
- Frábær staðsetning



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is




Verð: **63,9 millj.**

Tilbúnar
nýjar íbúðir

Aðeins **2** íbúðir eftir



PANTIÐ SKOÐUN
í síma 770 0500 eða 775 1515




Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is



Sogavegur 73-77
108 Reykjavík

Nýjar og vandaðar íbúðir í 3ja hæða lyftuhúsi

- Afhendast tilbúnar með gólfefnum, ísskáp og uppþv.
- Sérafnotaréttir eða svalir
- 103** í Sogavegi 73, **115,8 fm** með stæði í bílageymslu, svölir til vesturs og 5,7 fm sérafnotarétti til suðurs
- 104** í Sogavegi 77, **119,8 fm** 8,4 fm sérafnotarétti til suðausturs, án stæðis

Verð: **69,9 millj.**

SÖLUVEFUR
vitaborg.is

Aðeins **6** íbúðir eftir



OPÍÐ HÚS fimmtudaginn 4. nóvember kl. 17.00 - 17.30

Hverfisgata 92
101 Reykjavík

Glæsilegar 2 - 4 herb. 99,7 - 146,4 fm íbúðir

- Gólfhiti í öllum íbúðum
- Mikil sameign og margar íbúðir sérstæðar og liggja ekki að öðrum íbúðum
- Snjallíbúðir
- Fallegur inngarður
- Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum






Ólafur Finnþegason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Elin Alfréðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021
hleidar@miklaborg.is

verð frá: **82,9 millj.**



Njálsgata 64
101 Reykjavík

Gott 81,2 fm verslunar- og þjónustuhúsnæði á góðum stað

- A horni Njálsgötu og Barónsstíg sem býður upp á fjölbreytta möguleika á rekstri
- Eignin er skráð sem verslun í dag.
- Samb. teikning með tillögu að nýju skipulagi á rýminu

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Hreiðari í síma 661 6021



Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021
hleidar@miklaborg.is




Verð: **Tilboð**

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jasoni í síma 775 1515




Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is




Dalaland 7
108 Reykjavík

Góð 80,9 fm íbúð á 2. hæð í Fossvoginum

- 2 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og geymsla
- Stórar suðursvalir
- Stutt í skóla, leikskóla, verslanir og frábærar göngu- og hjólaleiðir

Verð: **58,9 millj.**



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 691 2312

Laugavegur 138
101 Reykjavík

Góð 3ja herbergja 81,4 fm íbúð á 3. hæð

- Útgengt á svalir frá stofu
- Tvö svefnherbergi. Rúmgott eldhús
- Fílísar á WC þarfnast lagfæringar
- Laus strax

Verð: **46,5 millj.**




Nánari upplýsingar:
s. 691 2312 Óskar S. Axelsson aðst. fasteignasala
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali



BÓKIÐ SKOÐUN
HJÁ SÖLUMÖNNUM

Brekkutröð 1
220 Hafnarfjörður

Atvinnuhúsnæði 143,6 fm að stærð.

- Stór bílskúrshúð. Sérinnngangur.
- Malbikað plan framan við húsnæðið.
- Milliloftið er 37,1 fm

Verð: **40,9 millj.**




Nánari upplýsingar:
s. 770 0500 Íris Arna Geirsdóttir aðst. fasteignasala
s. 775 1515 Jason Ólafsson löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU



BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 845 8958

Funahöfði 17
110 Reykjavík

Iðnadarhúsnæði 1.320,8 fm skiptist í þrjú fastanúmer

- Skiptist í nokkur iðnaðarbil, skrifstofur, starfsmannaástöðu og fl. Stórar innkeyrsluhúðir og góða aðkoma, malbikað bílapan.
- Gert er ráð fyrir breyttu deiliskipulagi innan skamms. Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð á þessu svæði. Stærð lóðar 6051 fm.

Verð: **Tilboð**



Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jörunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna til sölu, hafið samband við sölumenn okkar bókið skoðun og fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



FASTEIGNA MIÐLUN

Skólavörðustíg 3 - 2. hæð - 101 Reykjavík
Sími 575 8500 - www.fasteignamidlun.is

Sverrir Pálmason,
lögmaður og löggiltur fasteignasali,
sími 867-1001

Gunnar Bergmann Jónsson,
Löggiltur fasteignasali, sími 839-1600

Arnar Sölvason,
ráðgjafi, sími 896-3601


TIL LEIGU UM 791 M² HÚSNÆÐI Á JARÐHÆÐ VIÐ LYNGHÁLS 2 Í REYKJAVÍK



Eignin er sýnileg með góða aðkomu frá gatnamótum Hálsabrautar og Lynghás.
Húsnæðið er stórt opið rými. Lofthæðin er um 4,6 m til 5,2 m. Í rýminu er niðurtekið gólf að hluta og góðar innkeyrsludyr sem snúa að Lynghási, þar er þvottaaðstaða í dag. Mjög auðvelt er að breyta húsnæðinu í verslunarhúsnæði með góðum sýningarsal. Málning var áður með starfsemi í þessum hluta hússins. **Mögulegt er að leigja minni hluta í húsinu.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA Sverrir Pálmason, löggiltur fasteignasali,
í síma 867-1001 (sverrir@fasteignamidlun.is) og Arnar Sölvason í síma 896-3601.

GLÆSILEG SKRIFSTOFUHÆÐ Í BORGARTÚNI 25 TIL SÖLU



Anno lögmansstofa kynnir eina af glæsilegustu skrifstofuhæðum á höfuðborgarsvæðinu á efstu hæð í Borgartúni 25.

- Skrifstofur, opin rými, fundarherbergi.
- 240fm svalir með mögnuðu útsýni.
- Bílakjallari.
- 526 fm alls og skiptist í tvö rými.
- Fimm bílastæði.

Áhugsamir sendið hafið samband við
Jónas Örn Jónasson lögmann,
s: 7708200 eða jonas@anno.is



MÁLFLUTNINGSSTOFA

Grófin 1 | 101 Reykjavík | Sími 416 3600 | anno@anno.is

RÁÐNINGAR



Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár



HAGVANGUR



Kristján s: 867-3040 Guðbjörg G. s: 899-5949 Garðar B. s: 898-0255 Sólveig s: 869-4879 Hallgrímur s: 896-6020 Elísabet s: 781-2100 Stymir s: 846-6568 Viktoría Larsen s: 618-5741 Ólafur Haukur s: 866-1242



TRAUSTI
fasteignasala

Vegmúla 4 | 108 Reykjavík | s.546-5050
trausti.is | trausti@trausti.is



Einar Örn s: 823-4969 Kristín María s: 837-1177 Ragnheiður s: 788-3069 Halldór s: 660-5312 Bára s: 693-1837 Aðalsteinn Jón s: 767-0777 Michalina s: 766-0891 Linda s: 848-9455 Thelma s: 860-4700 Inga Reynis s: 820-1903 Ragnar s: 699-8282

**VIÐ
ERUM
TRAUSTI**



OPÍÐ HÚS

**SKÚLAGATA 42
101 REYKJAVÍK**



Viktoría s: 618-5741 Kristján s: 867-3040



OPÍÐ HÚS

**VÍFILSGATA 15
105 REYKJAVÍK**



Guðbjörg G. s: 899-5949 Inga s: 820-1903

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 2. NÓV. KL. 17:30-18:00

Vel skipulögð 3ja herbergja 75,2 fm. íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi með lyftu ásamt sérmerktu bílastæði í bílskýli. Um er að ræða góða íbúð á vinsælum og eftirsóttum stað í miðbæ Reykjavíkur þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. **Nánari uppl. veita Viktoría lgf. s. 618-5741 og Kristján lgf. s. 867-3040**
Verð: 49,9 millj.

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 2. NÓV. KL. 17:30-18:00

Björt og falleg 3ja herbergja 59,8 fm. íbúð á 1. hæð. Eignin er laus við kaupsamning. Eignin er mjög vel staðsett og stutt er í alla þjónustu, verðslanir, skóla og leikskóla. **Nánari uppl. veita Guðbjörg g. lgf. s. 899-5949 og Inga s. 820-1903**
Verð: 40,9 millj.



OPÍÐ HÚS

**SMYRILSHÓLAR 2
111 REYKJAVÍK**



Viktoría s: 618-5741

OPÍÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 3. NÓV. KL. 17:30-18:00

Virkilega falleg og mikið endurnýjuð 4-5 herbergja 100,6 fm. íbúð í þriggja hæða fjölbýli. Eignin er mjög vel staðsett með frábæru útsýni yfir hluta borgarinnar og Esjuna ásamt frábærum gönguleiðum í Eilíðaárdalnum. **Nánari uppl. veitir Viktoría lgf. s. 618-5741**
Verð: 54,9 millj.



OPÍÐ HÚS


**ÁLALIND 8
201 KÓPAVOGI**



Guðbjörg G. s: 899-5949

OPÍÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 3. NÓV. KL. 17:30-18:00

Glæsileg og björt 3ja herbergja 104,2 fm. íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi byggt árið 2019 með bílastæði í lokuðum bílajakjallara. Eignin er laus við kaupsamning. **Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949**
Verð: 71,9 millj.



OPÍÐ HÚS

**GRETTISGATA 5
101 REYKJAVÍK**



Hallgrímur s: 896-6020 Einar Örn s: 823-4969

OPÍÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 3. NÓV. KL. 17:00-17:30

Nýuppgerð penthouse íbúð á besta stað í miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin hefur yfirbragð "New York Loft" og ber merki fallettrar og stílhreinnar hönnunar. Öll eignin hefur verið uppgerð af fagmönnum. Stórar svalir með frábæru útsýni. Aukaíbúð á jarðhæð fylgir með góðar leigutekjur. Einkabílastæði við húsið fylgir. Samtals stærð skv. Þjóðskrá er 176 fm. **Nánari uppl. veita Hallgrímur s. 896-6020 og Einar lgf. s. 823-4969**
Verð: Tilboð



OPÍÐ HÚS

**FRIGGJARBRUNNUR 51
113 REYKJAVÍK**



Guðbjörg G. s: 899-5949

OPÍÐ HÚS FIMMTUDAGINN 4. NÓV. KL. 17:30-18:00

Björt og rúmgóð þriggja herbergja 89,5 fm. íbúð á 1.hæð með einstökum 93,2 fm. útsýnissvölum í nýlegu og fallegu fjölbýlishúsi með lyftu og bílastæði í opnum bílajakjallara. Bæði svefnherbergi íbúðar eru mjög rúmgóð. Fallegt útsýni er úr eigninni. **Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949**
Verð: 62,9 millj.



vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR RÁÐGJÖF

HH
RÁÐGJÖF

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUVEFUR MEÐ RÁÐNINGARKERFI aðeins 24.500 kr.*

Á atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttækur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín nær til allt að 35.000 einstaklinga sem eru skráðir hjá HH Ráðgjöf í atvinnuleit.

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Í ráðningaþjónustunni veitum við heildaraðstoð við ráðningarferlið. Sérfræðingar okkar sjá um alla úrvinnslu.

» Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna

» Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið

» Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði mannauðsmála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun

*Verð án virðisaukaskatts.

HH RÁÐGJÖF

www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

létt og getur frekar litla tilfinningu fyrir akstrinum.

Billinn er snöggur af stað og hefur einnig ágætis millhröðun, en er kvikur á gjöf og bremsum svo að það þarf að venjast að keyra bílinn af mýkt, og hann er ekki eins auðveldur í akstri og Tesla Model Y sem dæmi. Fjöðrunin er í stífara lagi eins og gengur og gerist í rafbílum en samt leggst billinn aðeins í beygjurnar.

Það er vert að minnast á að billinn er talsvert léttari en sambærilegir rafbílar, eða tæp 1.800 kg og er það vegna þess að undirvagninn og grindin eru að mestu úr áli.

Á góðu verði

Eyðsla bílsins í reynsluakstrinum var aðeins meiri en maður hafði fyrir fram búist við enda billinn oftast hafður í Sportstillingu og með miðstöðina á sjálfvirkri stillingu. Í innanbæjarakstri ætti billinn þó að ná yfir 300 km drægi við eðlilegar aðstæður sem er viðunandi.

Einn af helstu kostum U5 er eflaust verðið en hann kostar frá 5.190.000 kr. og Premium útfærslan 5.690.000 kr. Helstu samkeppnisaðilar hérlandis yrðu eflaust Kia e-Niro og væntanlegur MG Marvel R, en hann mun kosta frá 6.299.0000 kr. með 70 kWst rafhlöðu. Kia e-Niro kostar frá 4.990.777 kr. með svipaðri rafhlöðu en Kia e-Niro er nokkuð minni bill en U5. Eflaust mun hann einnig geta tekið sölu frá bílum eins og VW ID.4, Kia EV6 og Hyundai Ioniq 5 vegna stærðarinnar þar sem hann er boðinn á verði sem er talsvert undir grunnverði þeirra. ■



Plássíð í aftursætum er með afbrigðum gott og fótarymi með besta móti.



Að aftan er heil ljósarönd sem nær yfir allan afturhluta bílsins.



Gott pláss er í farangursrymi undir húddi og getur það tekið stærri hluti en hólfíð segir til um þar sem að upphækkun er í hlífinni yfir því.



Farangursrymi er 432 lítrar sem er minna en hjá flestum samkeppnisaðilum og svipað og í Mustang Mach-E, en vel aðgengilegt og þægilegt í notkun.

KYNNING

Reynsla og hraði – fjölbreytt þjónusta

Hjá Sólningu starfa reyndir fagmenn sem leggja áherslu á góða þjónustu og vinna hratt. Þar er viðskiptavinum sinnt fljótt og vel og boðið er upp á alls kyns auka þjónustu og mikið úrval af góðum dekkjum.

Sólning er eitt af reynslumestu og elstu fyrirtækjum landsins þegar kemur að dekkjasölu, dekkjaskiptum og öllu sem við kemur dekkjum, segir Aron Elfar Jónsson, rekstrarstjóri Sólningar. „Starfsmenn okkar hafa gríðarlega reynslu í dekkjaskiptum og þeir þjónustufulltrúar sem sjá um að selja dekk til viðskiptavina hafa gríðarlega þekkingu þegar kemur að því að velja réttu dekkinn undir bíla hjá fólki.

Við erum einnig vel búnir fullkomnustu tækjum til dekkjaskipta og þar má sérstaklega nefna snertilausu umfelgunarvélina okkar, en sú vél getur umfelgað dekk án þess að felgan sé snert og því eru engar líkur á skemmdum á felgu né loftþrýstingsskynjurum, sem eru svo viðkvæmir í nýjustu gerð af bílum,“ útskýrir Aron.

Sólning er með dekkjaverkstæði á fjórum stöðum; á Smiðjuvegi 34 í Kópavogi, í Skútuvogi 2 í Reykjavík, í Hjallahrauni 4 í Hafnarfirði og á Fitjabraut í Njarðvík.

Mikil áhersla á hraða og vandaða þjónustu

„Októbermánuður hefur verið mjög annasamur hjá okkur vegna dekkjaskipta landans og við tvöföldum starfsmannafjölda okkar þessa dagana vegna þessara tarna,“ segir Aron. „Það sama verður upp á teningnum í nóvember, þannig að við erum tilbúnir að taka á móti kúnum og lögum miklum hraða, vönduðum vinnubrögðum og stuttum biðtíma. Við getum lofað því að fólki komist að samdægurs þegar það mætir í dekkjaskipti og



Aron Elfar Jónsson rekstrarstjóri segir að Sólning sé tilbúin til að taka á móti miklum fjölda viðskiptavina og lofi miklum hraða, vönduðum vinnubrögðum og stuttum biðtíma.

við vísunum engum frá. Þess vegna höfum við einfaldlega sagt fólki að „renna við“ í auglýsingunum okkar.

Við höfum lagt upp með að sleppa við það að hafa tímapant-anir, þar sem flestir okkar kunnar vilja komast að samdægurs. Á Smiðjuveginum erum við líka með númerakerfi sem við vörpum inn á heimasíðuna okkar, www.solning.is,“ segir Aron. „Þú þarft að koma til okkar og sækja þér númer í röðina, en svo geturðu skotist frá ef þú þarft eitthvað að stússt og getur einfaldlega fylgst með stöðunni á röðinni í símanum. Á hinum stöðunum erum við einfaldlega með klassískar biðraðir.

Við þössum rosa vel upp á að fylgja öllum fyrirmælum sótt-

varnalæknis á öllum okkar verkstæðum. Við höfum sett upp gler fyrir framan starfsmenn í afgreiðslum og erum að sjálfsögðu með spritt við posa og aðra snertifleti,“ útskýrir Aron.

Úrval af dekkjum og dekkjageymsla

„Við eigum fjöldann allan af dekkjum undir alla bíla í góðum gæðum og á mjög flottum verðum. Þar má sérstaklega nefna Goodyear-dekkinn, sem eru þau allra flottustu á markaðnum í dag, en við bjóðum meðal annars líka upp á Hankook-dekk, sem hafa verið í gríðarlegri þróun síðustu ár og verið að keppa við flottustu merkin, þrátt fyrir það að vera áberandi ódýrari,“ segir Aron. „Við erum einnig með

Nexen-dekk, sem eru notuð undir nýjar Porsche-bifreiðar. Það eru gríðarlega flott dekk sem eru líka á góðum verðum.

Svo bjóðum við líka fjöldann allan af ódýrari kostum í dekkjum sem hafa verið að koma mjög vel út, þrátt fyrir lægra verð,“ segir Aron.

„Dekkjageymsla (dekkjahótel) er einnig hluti af okkar þjónustu. Við bjóðum fólki upp á að geyma dekkinn hjá okkur á milli dekkjaskipta og fólk hefur mikið nýtt þetta, enda banna eldvarnarreglur til dæmis geymslu á dekkjum í mörgum fjölbýlishúsum í dag,“ segir Aron. „Það fylgja því líka mikil óhreinindi að burðast með dekk í bílum sínum og það skapar hættu á skemmdum á innrétt-

➤ **Rétt hjólastilling skiptir sköpum til að auðvelda öikumönnum stjórn á ökutækinu og hámarka jafnvægi bílsins við hemlun. Hún eykur einnig líftíma hjólbarðanna, dregur úr eldsneytiseyðslu og gerir aksturinn þægilegri. Hjólastilling borgar sig upp á afar skömmum tíma í dekkjasliti og eldsneytiseyðslu bílsins.**

ingum bílsins, sérstaklega þegar nagladekk rekast utan í þær.“

Hjólastilling, viðgerðir og smurning í boði

„Svo höfum við einnig til taks fullkomna hjólastillingarbeckki á verkstæðum okkar á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Aron. „Rétt hjólastilling skiptir sköpum til að auðvelda öikumönnum stjórn á ökutækinu og hámarka jafnvægi bílsins við hemlun. Hún eykur einnig líftíma hjólbarðanna, dregur úr eldsneytiseyðslu og gerir aksturinn þægilegri. Hjólastilling borgar sig upp á afar skömmum tíma í dekkjasliti og eldsneytiseyðslu bílsins.

Við höfum líka verið með smáviðgerðir á bílum á milli dekkjartarna og þá getum við lagað allt í hjólabúnaði bílsins. Síðast en ekki síst tökum við líka að okkur hefðbundna smurþjónustu,“ segir Aron. „Við hvetjum fólk til þess að hafa samband við okkur í gegnum síma, tölvupóst eða á samfélagsmiðlum, við erum hér til að aðstoða með allt sem tengist bílnum þínum.“ ■



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Hyundai Ioniq 5

KOSTIR

- Innrétting
- Rými
- Hleðslugeta

GALLAR

- Hurðarhandföng
- Engin afturrúðupurrka

Grunnverð: 5.990.000 kr.
Hestöfl: 306
Tog: 605 Nm
Hröðun 0-100 km: 5,2 sek

Hámarkshraði: 185 km
Rafhlaða: 73 kWst
Drægi: 460 km
L/B/H: 4.635/2.152/1.605 mm

Hjólhaf: 3.000 mm
Eigin þyngd: 2.020 kg
Dráttargeta: 1.600 kg
Farangursrými: 527 lítrar



Þótt Ioniq 5 líti út fyrir að vera hefðbundinn hlaðbakur úr fjarlægð er um stóran bil að ræða þegar komið er nær.

MYNDIR/TRYGGVI
ÞORMÓÐSSON

Margt til lista lagt

Hyundai Ioniq 5 er fyrsti bíll merkisins sem smíðaður er á E-GMP undirvagninum. Með Ioniq 5 er enn einn keppinauturinn kominn í flokki vel búinna rafjepplinga. Ioniq 5 sameinar þar marga þætti eins og aksturs-eiginleika, rými, þægindi og búnað.

Segja má að með Hyundai Ioniq 5 sé komin önnur kynslóð rafbíla hjá Hyundai, en Ioniq 5 er fyrsti bíll merkisins sem byggir á nýja E-GMP undirvagninum. Það er sami undirvagn og í Kia EV6 en þar lýkur líka samanburðinum. Ioniq 5 fer aðrar leiðir með hönnun sinni sem hittir vel í mark og er notendavænt. Það má þó ekki skilja svo að bíllinn sé minna spennandi því að það er alls ekki raunin.

Mikið hjólhaf

Það verður ekki komist hjá því að skrifa um útlitið þegar skrifað er um þennan bíl. Það svikur aðeins augað því að það minnir mann meira á hefðbundinn hlaðbak þegar í raun og veru er um stóran rafjeppling að ræða. Sem dæmi um það er hjólhaf bílsins sem er 3 metrar, hvorki meira né minna. Ákveðinn framendinn og áberandi skálína frá hvalbak niður eftir hliðum hans hittir í mark, hjá undirrituðum allavega. Sama er upp á teningnum þegar inn í hann er komið því bíllinn er mjög fluttur að innan. Áberandi er að talsvert er notað af endurvinnanlegum efnum og tveir 12,3 tommu tölvuskjái á hvítum bakgrunni gera innréttinguna nýstárlega.

Gott pláss og útsýni er aðalmerki hans og sætin eru nógu stór fyrir flesta. Það er meira að segja fótastuðningur undir fótleggina eins og í hægindastól. Ef hægt er að kvarta yfir einhverju er það helst

að sætin eru í stífara lagi. Plássíð í aftursætum er einnig mjög gott á alla kanta og þá sérstaklega fótá-rýmið. Miðjustokkur milli fram-sæta er á sleða svo að hann gæti kannski flækst fyrir fótum miðju-sætisfarþegans í öftustu stöðu. Loks er farangursrýmið vel rúm-gott og aðgengilegt, enda er gólfíð í nánast sömu hæð og kanturinn og auðvelt að komast að skottinu. Prófunarbíllinn var dökku að lit, svo að innfelld, samlit hurðar-handföng renna saman við hurðir bílsins svo nánast ómögulegt er að finna þau í myrkri. Næstu pantanir bílsins eiga þó að koma með hand-föngum sem koma frá hurðinni þegar eigandinn nálgast líkt og á Tesla Model S.

Vel uppsettur aksturslega

Auðvelt er að láta sér líka vel við aksturseiginleika bílsins því Ioniq 5 er öflugur og skemmtilegur í akstri. Jú, að vísu er fjöðrunin í stífara lagi og maður finnur alveg fyrir þessum tveimur tonnum sem þarna eru á ferðinni. Á móti kemur að fjöðrunin er vel uppsett og bíllinn leggst ekki mikið til hliðanna nema tekið sé snögg á honum. Stýrið er einnig vel uppsett og þótt það sé létt er það nákvæmt og veitir góða tilfinningu fyrir akstrinum. Aflið er líka drjúgt og kemur honum næstum á par við Tesla Model Y. Líkt og í flestum öðrum rafbílum er hann hljóðlátur og tiltölulega laus við veghljóð. Einnig er útsýni með því besta sem maður hefur séð lengi sem er hátíð í nýjum bílum. Það eina sem háir því er sú staðreynd að bíllinn er án afturrúðupurrku sem er mikill ókostur hér á Íslandi svo ekki sé meira sagt. Hönnun bílsins á að láta vindinn sem leikur um hann taka regnið af afturrúðunni en raunin er sú að afturrúðan verður fljótt skitug og illa gegnsæ.



Mælaborðið er í senn smekklegt og einfalt í notkun og snertiskjárinn í senn bæði skýr og hraðvirkur.



Varla er hægt að tala um farangursrými í Ioniq 5.



Fótárymi er mjög gott í bílnum og sætin rúmgóð og þægileg, og stórir gluggar ásamt glerpaki gefa enn betri tilfinningu fyrir rými.



Skottið er rúmgott en grunnt og hærri hlutir gætu rekist upp undir.

Samkeppnishæft verð

Fjórhljadrifsútgáfan er með 480 km drægi og hann býður upp á helmingi hraðari hraðhleðslu en á flestum öðrum rafbílum. Rétt er þó að nefna að mjög fáar stöðvar héraendis ná yfir 150 kW og flestar aðeins 50 kW svo að sá kostur hans er ekki að nýtast héraendis svo heitið geti. Þeir bílar sem hann keppir við eru margir, meðal annars Mustang Mach-E, Tesla Model Y, Skoda Enyaq og VW ID.4 auk Kia EV6 auðvitað. Grunnverð Ioniq 5 er 5.990.000 kr. en við vorum með fjórhljadrifsútgáfunna í prófun sem kostar frá 6.990.000 kr. í Comfort útgáfunni. Ef horft er á fjórhljadrifsútgáfur er Skoda Enyaq frá 6.790.000 kr., VW ID.4 GTX frá 7.150.000 kr., ef bætt er við fjórhljadrifi í Kia EV6 fer hann í 6.690.777 kr., Mustang Mach-E frá 7.990.000 kr. og Tesla Model Y frá 7.905.000 kr. ■

TRYGGÐU ÞÉR JEEP Á LÆGRA VERÐI

ALVÖRU JEPPI. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

5

ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á
DRIFRAHLDUNNI

PLUG-IN HYBRID



4xe

JEEP WRANGLER RUBICON VERÐ FRÁ 9.899.000 KR.*

Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.
Nokkrir bílar til afhendingar í lok nóvember.

*Bjóðum upp á 35"-40" breytingapakka fyrir Wrangler.

 **ISBAND** **Jeep**[®]

UMBOÐSAÐILI JEEP[®] Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



Lexus ES var kynntur í nýrri útgáfu á Mallorca í septembermánuði með nýrri og meiri tæknibúnaði en áður, en von er á bilnum hingað til lands á næsta ári.

Lexus kemur með andlitslyftingu á ES

njall@frettabladid.is

Lexus hefur sett á markað nýja og endurhannaða útgáfu ES bílsins, en þótt aðeins sé um andlitslyftingu að ræða eru samt töluverðar breytingar á bílnum. Billinn er settur á markað í Evrópu og fær bæði breytingar á útliti, undirvagni og ekki síst tækni.

Meðal breytinga á undirvagni er endurhönnuð fjöðrun með breytingum á klafafjöðrun að aftan og nýjum dempurum. Einnig hefur verið átt við hemlakerfi bílsins til að gera átakið mýkra. Talsvert er af nýjum tæknibúnaði í bílnum og má þar nefna myndavélar í stað hlíðarspegla og nýjan 12,3 tommu upplýsingaskjá. Einnig

Meðal breytinga á undirvagni er endurhönnuð klafafjöðrun og bremsukerfi með mýkra átaki en áður.

eru ný díóðuljós með sjálfvirkum háum geisla. Sama 2,5 lítra vél er í bílnum og áður með tvinnkerfi en saman skila aflgjafar bílsins 215 hestöflum. Að sögn Páls Þorsteinsonar, kynningarfulltrúa Toyota og Lexus, verður nýja útgáfan kynnt á næsta ári. ■



Árið 2024 verður Nissan Leaf kominn á markað með meiri veghæð í stíl við svokallaða blendingsbíl sem vinsælir eru um þessar mundir.

Næsta kynslóð Leaf verður blendingsbíl

njall@frettabladid.is

Nissan hefur staðfest í nýlegu viðtali við vefmiðilinn AutoExpress að næsta kynslóð Nissan Leaf færi sig úr hlaðbaksformi yfir í svokallaða blendingsbíl, en það eru fólksbílur með jepplingsformi. Nissan sendi einnig frá sér myndir sem sýna líklegt útlit hans með hærri veghæð en áður og kúpulaga þaklínu. Samkvæmt forstjóra Nissan í Evrópu, Guillaume Cartier, verður 75% framleiðslu Nissan að einhverju leyti rafvædd í lok árs 2023, og árið 2025 verða allir bílar Nissan að einhverju leyti rafvæddir. Áætlanir Nissan gera ráð fyrir að árið 2030 verði 80% sölu þeirra í hreinum rafbílum.

Nýr Leaf verður byggður á CMF-EV undirvagninum sem þróaður er í samstarfi Renault-Nissan, en



Undirvagninn er sá sami og kynntur hefur verið í Renault Megane E-Tech Electric en hann fer í sölu á næsta ári.

fyrsti billinn til að fá hann er nýr Renault Megane E-Tech Electric sem fer í sölu á næsta ári. Sá bíll verður með rafhlöðu sem gefur allt að 470 km drægi svo það er líklegt að um svipaðar tölur sé að ræða varðandi næstu kynslóð Leaf. Billinn verður smíðaður í verksmiðju Nissan í Sunderland ásamt Juke, Qashqai og e-NV200 og fá rafhlöður frá nýrri verksmiðju sem verið er að reisa þar í nágrenninu. ■



Mercedes-Benz SL er nú í fyrsta sinn boðinn með 4MATIC fjórhjóladrifi og er nú fjögurra sæta.

Næsta kynslóð Benz SL frumsýnd með fjórhjóladrifi

Það þykja ávallt fréttir þegar nýr sportbíl er frumkynntur, ekki síst þegar um SL bíl Mercedes-Benz er að ræða.

njall@frettabladid.is

Þrátt fyrir að innan við 1% bíla sem Mercedes-Benz selur séu sportbílur hefur það ekki aftrað merkinu frá því að eyða stórum upphæðum í hönnun þeirra. Nýjasta viðbótin í þeim flokki er AMG-SL sem ásamt AMG-GT er byggður á nýjum MSA undirvagni. Grunnurinn að þeim undirvagni er létt álgrind og situr endurhönnuð yfirbyggingin ofan á honum með blöndu af áli, stáli, magnesíum og koltrefjum. Mercedes-Benz SL er fjögurra sæta og með blæju sem fellur ofan í skottið, og er búnaðurinn 21 kíló léttari en í fyrri kynslóð.

Þar sem að undirvagninn er skalanlegur má búast við að fleiri gerðir muni nýta sér hann og hann getur nýtt sér marga aflgjafa. Nýr SL er kynntur með tveimur V8 vélum en Mercedes hefur einnig sagt að von sé á tengiltvinnútgáfu



Stór 11,9 tommu upplýsingaskjær er áberandi í miðjustokki bílsins.

í framtíðinni. Báðar útgáfur V8 vélanna eru fjögurra lítra með tveimur forþjöppum, en SL55 útgáfan er 469 hestöfl og 3,9 sekúndur í hundradíð. Öflugri SL63 útgáfa hefur 577 hestöfl að spila úr og 800 Nm tog, enda er hröðunin 3,6 sekúndur í hundradíð og hámarkshraðinn 314 km á klst. Nýr SL er í fyrsta sinn boðinn með fjórhjóladrifi og er SL63 útgáfan boðin með vökvastýrðu

jafnvægiskerfi ásamt stillanlegri fjöðrun og tregðulæsingu á afturási. Hægt er að panta slíkan búnað fyrir SL55 sem aukabúnað. Fjórhjólástýring er einnig í boði í báðum gerðum hans. Í innréttingu hans er stór miðjustokkurinn áberandi með 11,9 tommu MBUX upplýsingaskjá. Billinn fer í sölu á vordögum í Evrópu en við eigum enn eftir að sjá hvort eintak nái hingað til lands. ■



Eins og í BMW Isetta nota báðir farþegarnir sömu framhurðina framan á bílnum.

Rafbíl sem byggir á gömlum grunni


njall@frettabladid.is

Fyrir stuttu kom framleiðsluútgáfa nýs rafbils fyrir almennings sjónir frá svissneska fyrirtækinu Micro. Billinn heitir einfaldlega Microlino 2.0 og er rafbíl sem byggir útlit sitt næstum alveg á smábíl BMW frá sjötta áratugnum sem kallaðist Isetta.

Áætlað er að framleiðsla bílsins hefjist áður en árið er úti en hann mun koma í þremur útfærslum, Urban, Dolce og Competizione. Verða þrjár stærðir af rafhlöðum í boði frá 6-14 kWst og rafmótor frá 17-25 hestöfl. Þótt það hljómi ekki mikið er billinn flísléttur og því aðeins fimm sekúndur í 50 km hraða. Hámarkshraðinn er

þó bundinn við 90 km á klukkustund. Með stærstu rafhlöðunni kemst billinn 230 km á hleðslunni en hann getur borið tvo farþega og 230 lítra af farangri. Billinn verður undir tveimur milljónum króna en 7.500 bílar verða framleiddir á ári. Það getur því tekið tíma að framleiða upp í þær 24.000 pantanir sem komnar eru í bílinn. ■

KYNNING



Sumardekkinn er hægt að geyma á dekkjahótelu Kletts á meðan vetrarumgangurinn er undir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Glæný og hljóðlát nagladekk frá Goodyear

Klettur er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á breiðri línu vinnuvéla og ýmissa annarra véla, ásamt því að sinna hjólbarðaðþjónustu fyrir allar gerðir bifreiða og véla.

Klettur byggir á gömlum og traustum grunni, en fyrirtækið hefur verið umboðs-, sölu- og þjónustuaðili fyrir Goodyear hjólbarða frá árinu 1952. „Við vorum að taka inn glænýja Ultra Grip Arctic hjólbarða frá Goodyear núna um daginn, en um er að ræða algera byltingu í nagladekkjum,“ segir Hallgrímur Þorleifsson, starfsmaður hjá Kletti. „Dekkin eru með alveg nýju mynstri sem grípur betur í snjó en áður og hönnun dekkjanna dempar veghljóðið. Nöglunum er rædd þannig að þeir lágmarki hljóðmengun. Auk þess er púði inni í dekkinu sem naglenn leggst upp að þegar ekið er, sem lágmarkar veghljóð enn frekar. Naglarnir eru alveg ný hönnun sem endast lengur en naglar á öðrum dekkjum. Miðað við viðbrögðin sem þetta dekk hefur fengið þá erum við sannfærð um að þetta verði eitt af okkar bestu dekkjum næstu árin.“

Aðalmerki okkar er Goodyear en við bjóðum einnig upp á dekk frá Sava, Dunlop og Fulda. Þar að auki bjóðum við upp á hjólbarða frá Hankook, Nexen og Roadstone. Þá gerum við mest út á hágæða dekkinn frá Goodyear, Hankook og Sava, en við eigum líka ódýrari dekk ef fólk er að leita að þeim. Goodyear, Hankook og Sava framleiða eingöngu öruggar toppvörur sem endast vel. Eftir því sem dekk verða ódýrari, því meira plast er í þeim og þeim mun minna verður gripið,“ segir Hallgrímur.

Naglar út á land

Hallgrímur er enginn nýgræðingur þegar kemur að hjólbörðum. „Sjálfur er ég búinn að vera lengi í bransanum, alveg frá því ég var tólf ára strákur. Ég vann í þessu þar til ég var svona fimmtán, sextán ára, tók mér þriggja ára hlé og hef svo verið í þessu síðan.“ Aðspurður hvort einhver breyting hafi orðið á notkun nagladekkja yfir vetrarmánuðina segir hann að ekki hafi mikið breyst á undanförunum árum. „Fólkið sem er að taka nagladekkinn er yfirleitt mikið að fara út úr bænum á veturna og þá er bara einfaldlega betra að vera á nöglum.“ Þá eru nýju Ultra Grip



Hallgrímur hefur verið í bransanum frá því hann var tólf ára gutti.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Arctic dekkinn frá Goodyear frábær og hljóðlátur kostur.“

Treysta á Klett

Fjöldi fyrirtækja sem eru með bifreiðar á sínum snærum hafa gert þjónustusamning við Klett um hjólbarðaðþjónustu allt árið. „Þó svo vor og haust séu stærstu árstíðirnar hjá okkur alla jafna, er nóg að gera hjá okkur alla hina mánuðina. Við gefum okkur út fyrir að vera með gott úrval af öllum dekkjastærðum af öllum gerðum dekkja, negldum, ónegldum, vetrardekkjum og fleira. Upp á síðkastið hefur verið skortur á dekkjum sem koma til landsins vegna faraldursins, og bara í öllu, sama hvað það er. Fyrirtækin sem við þjónustum treysta á að við séum með gæðadekk og fjölbreytt úrval og það reynum við ávallt eftir fremsta megni.“

Bókaðu dekkjaskipti á netinu

Nú er hentugt að bóka tíma í dekkjaskipti á netinu enda er alltaf nóg að gera á hjólbarðaverkstæðunum. „Við erum með verkstæði á Hátúni, hér í Gardabæ, í Klettagördum og svo opnuðum við verkstæði í Lyngási í fyrra. Klettagarðar

er stærsta verkstæðið en hin eru útbúin tveimur bílalyftum hvert um sig.


Það var alger bylting fyrir um þremur vertíðum síðan þegar við fórum að taka við tímappöntunum á netinu, bæði fyrir okkur og viðskiptavinum okkar. Viðskiptavinir þurfa ekki að bíða lengi eftir að komast inn á verkstæði og þetta fyrirkomulag hefur fyrir vikið stóraukið hjá okkur tímabantanir.“

Vinsældir dekkjahótelu Kletts fara einnig sívaxandi með ári hverju að sögn Hallgríms. „Við höfum boðið viðskiptavinum upp á þann kost að geyma sumardekkinn á dekkjahótelinu yfir veturinn, og svo vetrardekkinn yfir sumarið. Fólk sér kost í því að þurfa ekki að eyða pláss í geymslum eða bílskúrnum fyrir fyrirferðarmikil dekk allt árið. Svo eru þau til staðar á hotelinu þegar kemur að því að skipta um. Þetta er bæði einfalt fyrir fólk og afar hentugt,“ segir Hallgrímur að lokum. ■

Tímabantanir og nánari upplýsingar á klettur.is. Símanúmer 590 5100.


STÓRVIRKI UM BÍLA

320 síðna bílabók eftir Örn Sigurðsson með 1200 ljósmyndum sem margar hafa hvergi sést áður.



Hér eru bílar almennings, lögreglu og slökkviliðs; trukkar jafnt sem eðalvagnar, jeppar, vörubílar og húsbílar.

Fjallað er um fjölmargt tengt bílum, svo sem bensín- og smurstöðvar, verkstæði, hjólhýsi og leikföng, að ógleymdri vega- og gatnagerð.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17



Stutt er í að Kia EV6 verði frumsýndur hérlendis en hann verður kynntur 18. nóvember.

Kia EV6 bíll ársins í Þýskalandi í úrvalsflokki

njall@frettabladid.is

Hinn nýi rafbíll Kia EV6 hefur verið valinn bíll ársins 2022 í Premium-flokki í Þýskalandi. Verðlaunin þykja ein þau eftirsóknarverðustu í bílaheiminum. Kia EV6 hafði betur í baráttu við Volkswagen ID4, Audi Q4 e-tron, Skoda Enyaq og Hyundai Ioniq 5 í úrvalsflokknum. Þá var Kia EV6 í 2. sæti í flokknum nýir orkugjafar. Kia EV6 var frumsýndur í Evrópu á dögunum en rafbíllinn verður kynntur hér á landi 18.–20. nóvember nk.

Kia EV6 rafbíll er með 528 km drægni samkvæmt WLTP staðli og hægt er að velja um 170 og 325 hestafla rafmótora. Hægt er að hlaða bílinn allt að 80% hleðslu á aðeins 18 mínútum og ná hleðslu sem dugar allt að 100 km á innan við fjórum og hálfri mínútu. „Það er mikill heiður að Kia EV6 vinni þessi stóru verðlaun í bílaheiminum. Þetta er frábær viðurkenning fyrir þennan nýja og magnaða rafbíll sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Við erum afar spennt að frumsýna EV6 hér í Öskju 18.–20. nóvember og ég veit að það eru fjölmargir spenntir hér á landi að fá að sjá bílinn með eigin augum og prófa hann,“ segir Þorgeir Pálsson, sölustjóri Kia hjá Bílaumboðinu Öskju, í fréttatilkynningu frá Öskju. ■



Frá framleiðslu á rafhlöðum í Nissan Leaf í Sunderland-verksmiðjunni.

Stækkun á smiðju Envision fyrir rafhlöður

njall@frettabladid.is

Envision, sem er eina bílarafhlöðuverksmiðja Bretlands um þessar mundir, áætlað að stækka verksmiðju sína í Sunderland margfalt á næstu árum. Samkvæmt fréttatilkynningu frá kínverska fyrirtækinu mun framleiðslan fara úr 1,7 gígawattsstundum í 11 gígawattsstundir árið 2024. Mun verksmiðjan þá sjá næstu kynslóð Nissan Leaf fyrir rafhlöðum en hann verður þá endurhannaður sem blendlingsbíll.

Forstjóri Envision lét hafa það eftir sér í viðtali við Financial Times að framleiðslan myndi á endanum fara í allt að 38 gígawattsstundir. Envision er einnig með áform um að byggja rafhlöðuverksmiðju í Frakklandi í samstarfi við Renault, en rafhlöður þaðan gætu einnig farið til annarra framleiðenda. Envision er einnig með verksmiðjur í Kína, Japan og Bandaríkjunum og er einnig stærsti framleiðandi vindmylla í Kína. ■

Bílabúð Benna setur upp öflugustu bílahleðslustöð landsins

njall@frettabladid.is

Bílabúð Benna hefur sett upp öflugustu bílahleðslustöð landsins að Krókhálsi 9. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir iðnaðar- og nýsköpunarráðherra vígði hleðslustöðina á föstudaginn var.

Þessi nýja ofurhraðhleðslustöð, sem hönnuð er af Porsche, skilar allt að 350 kW og er mun öflugri en aðrar hraðhleðslustöðvar á landinu. Þær öflugustu hingað til



Stöðin er svo öflug að hún þarf vatnskælingu og þá einnig í hleðslunúrunni sem tengd er við bílinn.

eru 250 kW sem Tesla er að setja upp en sem dæmi má nefna að öflugustu hleðslustöðvar ON eru 150 kW. Með þessari nýju bílahleðslustöð verður hægt að hlaða rúmlega 100 kílómetra á aðeins 5 mínútum sem eru alger þáttaskil í hleðslutíma.

Benedikt Eyjólfsson, eigandi Bílabúðar Benna, segir að rafbílaeigendur geti komið á Krókháls 9 og hlaðið bíla sína og í leiðinni uppgötvað hversu auðvelt og fljót-

legt það er að hlaða rafbíll í slíkri stöð. „Þessi nýja hleðslustöð mun bæta til muna hleðsluhraða sem er í boði og sýna þannig landsmönnum að framtíðin í rafbílaheiminum er nú þegar komin,“ segir Benedikt. „Upplifun rafbílaeigenda á að vera sambærileg við það að fara á bensínstöð og fylla á bílinn áður en haldið er út úr bænum. Það þarf enginn að fyllast drægnikvíða lengur,“ segir Benedikt enn fremur. ■



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

DEKKJASALAN

Dekk og flottar felgur



ALLT Á EINUM STAÐ



Miðjustýringar



Felgurær og felguboltar fyrir flestar gerðir bíla



Forritanlegir loftþrýstingsskynjarar

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

HÚSA - VIÐGERÐIR

NYSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN

- * STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
- * KLÆÐNINGAR : ÞÓK /VEGGI
- * GLUGGAR/GLER
- * INNRETTINGAR OG FL.

ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNSLA

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300 serfagehf@gmail.com

+++ EÐALVERK +++

- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsviðgerðir
- Pak
- Gluggaskípti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögun

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Árssþá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Keypt & Selt

Til sölu



myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gullas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



JS LJÓSAMÍÐJAN VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN Skemmuvegur 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög göðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

RAKIR GLUGGAR?

Purrktæki frá kr 39.990



LOFTVIFTUR DREIFÐU VARMANUM



Verð kr. 29.308

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

TYGGÐU EXTRA TIL GÓÐRA VERKA



MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN
TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA



Í SAMSTARFI VIÐ




SOS
BARNAPORPIN

Öll börn vilja gott heimili

Í OKTÓBER OG NÓVEMBER

Veðurspá Þriðjudagur



Norðan og norðvestan 8-15 í dag, en hvassara í vindstrengjum á A-landi. Þjart með köflum sunnan heiða, rigning eða slydda NA-lands og el á NV-landi. Hiti yfirleitt 0 til 5 stig, mildast við suðurströndina. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 bandhönk
- 5 tré
- 6 íþróttafélag
- 8 salta
- 10 átt
- 11 umbúðir
- 12 högg
- 13 kvk nafn
- 15 vagg
- 17 guma

LÓÐRÉTT

- 1 refsingar
- 2 þolinmæði
- 3 atvikast
- 4 bakatil
- 7 álandsvindur
- 9 altan
- 12 eingöngu
- 14 blundur
- 16 tveir eins

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 hespa, 5 eik, 6 fh, 8 fresta, 10 na, 11 varf, 12 bang, 13 amal, 15 rörl, 17 karta. LÓÐRÉTT: 1 hefndar, 2 eitra, 3 ske, 4 eftan, 7 hafgola, 9 svall, 12 bara, 14 mök, 16 ll.

Hjörvar Steinn Grétarsson (2577) átti leik gegn Fy Antenaina Rakotomaharo (2484) á FIDE Grand Swiss-móttinu í gær.

27. Rf7+! Kh7 (27...Dxf7 28. Hxh6+) 28. Rxx6 Rxx6 29. Hxh6+ Kg8 30 f4 1-0. Vignir Vatnar Stefánsson og Hilmir Freyr Heimisson hafa staðið sig afar vel á alþjóðlegu unglingsmóti sem fram fer í Uppsölum. Mótið í Riga heldur áfram í dag. www.skak.is: Þriðjudagsmót hjá TR í kvöld.

Sudoku

			9			3		7
	2	4	7					6
	7		4				1	
		6			7	2		
	9	7			2		6	
	3	8	1	6				
				5		4	2	
3	6	1		4		5		
	5		3					

1		9					8		5
			6					4	
		5	7					1	3
					4	6			9
	3		9						1
			2		5				
8				7	2				
	1								
	9	3					2		

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

„SKYLDU-LESNING“

DAILY EXPRESS



Áhrifarík örlagasaga eftir höfund *Húðflúrarans* í Auschwitz

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opíð alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17



Eru glæpamenn glæpamenn?

BÆKUR

Skáldleg afbrotafræði

Einar Már Guðmundsson

Fjöldi síðna: 232 bls.

Útgefandi: Mál og menning

Kristján Jóhann Jónsson

Löngum er snúið að ræða um bækur sem eru hluti af stærra ritverki eins og þessi. Önnur bók er boðuð í sögulok og mun halda áfram þar sem þessari sleppir. Margar persónur eru nefndar til leiks og ljóst að sumar þeirra verða áfram í aðalhlutverki en aðrar fyrst og fremst þáttur í aldarfarslýsingu sem að einhverju leyti skýrir þá atburði sem sagt er frá og boðaðir eru í þessari bók.

Sögumaðurinn sem Einar hefur samið inn í bók sína er af því tagi sem kallast alvitur sögumaður, þekkir drauma og hvatir persóna þegar honum býður svo við að horfa og veit það sem honum sýnist. Hann notar oftast eintölu þegar hann segir frá sjónarmiðum sínum en einnig bregður nokkuð oft fyrir því sem á sumum tungumálum er kallað „konungleg fleirtala“. Í slíkum tilvikum segir sögumaðurinn „við“ og er líklega að vísa til sín og lesenda, rétt eins og þegar konungur talar fyrir sinn munn og þegnanna. „Vér einir vitum“ kallast frægt ávarp Danakonungs á 19. öld og „oss er ekki skemmt“ sagði Viktoría Englandsdrottning þegar menn gættu ekki tungu sinnar. Þó að sögumaður virðist alvitur og geti þannig séð sagt frá öllu sem hann kærir sig um vitnar hann samt oft í sögusagnir, ónefnda heimildarmenn og óljós rit.

Sterkasta þemað í skáldlegri afbrotafræði Einars Márs Guðmundssonar virðist vera spurningin um það hvort yfirvöld og dómarmen séu eitthvað skárr en glæpamennirnir sem þeir dæma. Hinir títtnefndu áratugir í lok 18. aldar og við upphaf þeirrar 19. eru tímenn sem sagt er frá. Fátækt var þá mikil í landinu og örvænting bæði hjá lágum stéttum og háum. Utan úr heimi komu fregnir um blóðug átök og upp gaus sá kvittur að höfuð yfirstéttarinnar gætu losnað frá bolnum, rétt eins og alþýðuháusarnir. Um þetta tímabil hafa margir skrifað.

Í frásögn Einars má sjá tilhneigingu til þess að segja sögu þessara ára með aðferðum töfraraunsæis og í íslenski þjóðtrú eru ýmis efni til þess. Í íslenski þjóðtrú og þjóðsögum er líka opin gátt milli draums og veruleika en þann stíl þarf að umgangast með varfærni. Það er ekki gott að vinna úr of þekktum sögum og sögnum en þess eru dæmi í bókinni. Það getur orðið svolítið einkennilegt í íslenskum augum en þessi bók verður gefin út samtímis á Íslandi og í Danmörku og gengur sennilega betur þar. ■

NIÐURSTAÐA: Þetta er frásögn af átakaskeiði í íslenski sögu. Hún er nokkuð laus í reipunum. Ég hef lesið betri bækur eftir Einar Má Guðmundsson og ætlast til mikils af honum. Ekki eru þó öll kurl komin til grafar því von er á framhaldi.

Beethoven í Salnum

kolbrunb@frettabladid.is

Tónleikar í tónleikaröðinni Beethoven í 250 ár verða í Salnum á morgun, miðvikudag 3. nóvember, kl. 19.30. Á þessum þriðju tónleikum haustsins verða fluttar tvær af píanósönötum Beethovens.

Eva Þyri Hilmarsdóttir flytur píanósönötu nr. 23 í f-moll, opus 57 (appassionata) og Helgi Heiðar Stefánsson flytur píanósönötu nr. 22 í F-dúr, opus 54.

Arnar Jónsson leikari mun lesa valda kafla úr bókinni Beethoven – í bréfum og brotum sem Árni Kristjánsson tók saman.

Beethoven í 250 ár er röð tónleika þar sem píanóleikarar flytja píanósönötu Beethovens.


Sex tónleikar verða á dagskrá næstu fjórar vikurnar í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, þar sem fjöldi píanóleikara flytur hverja píanósönötu þessa mikla snillings á fætur annarri. ■



Snillingurinn Beethoven.



RP / MBL



„... bókin er ein af þeim sem hverfa ekki fljótt úr huga lesandans heldur sitja eftir með honum ...“

RAGNHILDUR ÞRÁSTARDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

Frumlega fléttuð skáldsaga um glæstar vonir og gráleg örlög eftir Sigrúnu Pálsdóttur sem hlaut Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins fyrir *Delluferðina*



EUROPEAN UNION
PRIZE FOR LITERATURE



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–17 | www.forlagid.is



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Skanna, borga, út

Sjálfsafgreiðslu- og þjónustuapp Húsasmiðjunnar er ný upplifun á íslenskum byggingavörumarkaði sem þjónar öllum viðskiptavinum Húsasmiðjunnar og Blómavals um land allt.

Með Húsasmiðjuappinu getur þú skannað, borgað og komist út úr verslunum okkar á einfaldan hátt. Einstaklingar og fyrirtæki geta einnig keypt vörur í reikning á sínum kjörum, stjórnað úttektaraðilum, sótt um lánsheimild, greiðsludreifingu, séð upplýsingar um þúsundir vara og margt fleira á meðan verslað er.

1

Skanna

Skannaðu vörur með Húsasmiðjuappinu

2

Borga

Borgaðu með Húsasmiðjuappinu

3

Út


Starfsmaður skannar þig út úr verslun






Húsasmiðju appið

Náðu í Húsasmiðjuappið hér



ÓVENJULEG
OG FRÍSKANDI

Olía er fyrsta skáldsaga höfundahópsins Svíkaskálda og fjallar um sex konur sem geta ekki samlagast umhverfi sínu – geta ekki annað en hellt olíu á eldinn.

„Olía er merkilegasta bókin sem ég hef lesið í þessu flóði hingað til.“

REBEKKA SIF STEFÁNSDÓTTIR / LESTRARKLEFINN

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17

Þriðjudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Lífið er lag (e)** Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri ára. Umsjón. Sigurður K. Kolbeinsson.
- 19.00 433.is** 433.is er fréttar- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 20.30 Fréttavaktin (e)** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.25 Menningin**
- 13.30 Útsvar 2007-2008** Fjalla- byggð - Fjarðabyggð
- 14.20 Tíu fingur** Bryndís Halla Gylfadóttir
- 15.15 Pricebræður elda mat úr héraði**
- 15.45 Eyðibýli** Vatnshorn
- 16.25 Manndómsár Mikkos - Sjötta þrautin - klettaklifur**
- 16.55 Hljómskálinn III**
- 17.25 Menningin - samantekt**
- 17.55 Þvegill og skrubbur**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Bitið, brennt og stungið**
- 18.08 Strandverðirnir**
- 18.20 Áhugamálið mitt**
- 18.27 Hönnunarstirnir**
- 18.45 Krakkafréttir**
- 18.50 Lag dagsins** Can't Get You Off My Mind Flytjandi: The Vintage Caravan Höfundur: The Vintage Caravan
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós** Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins.
- 19.50 Menningin**
- 20.05 Kveikur** Kveikur veltir því upp með dæmisögu hvenær fólk á afturkvæmt í samfélagi eftir að hafa mistigið sig.
- 20.40 Á móti straumnum - Mika velur Satan. Mika vælger satan** Danskir þættir um ungt fólk sem á það sam-eiginlegt að standa frammi fyrir erfiðleikum í lífi sínu og þurfa að finna leið til að kljást við þá.
- 21.10 Frelsið Friheden**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Vammlaus No Offence**
- 23.05 Við Us**
- 00.05 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 09.20 LET Tour 2021 - Highlights**
- 10.10 Legends Tour- Highlights**
- 10.55 Legends Tour- Highlights**
- 11.40 PGA Tour** Útsending frá Fortinet Championship
- 14.35 LET Tour** Útsending frá Dubai Moonlight Classic
- 17.40 PGA Highlights**
- 18.35 LET Tour** Útsending frá Dubai Moonlight Classic
- 21.35 LET Tour** Útsending frá Dubai Moonlight Classic

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 15.05 Survivor**
- 15.50 A.P. BIO**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 Ást**
- 19.30 Hver ertu?**
- 20.10 A Million Little Things**
Dramatísk þáttaröð um nokkra vini sem verða að endurskoða lífið og tilveruna eftir að einn úr hópnun deyr.
- 21.00 FBI. Most Wanted** Bandarísk þáttaröð um liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, sem elstast við hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna.
- 21.50 The Good Fight**
- 22.35 The Chi**
- 23.25 The Late Late Show**
- 00.10 Dexter**
- 01.00 How to Get Away with Murder**
- 01.45 New Amsterdam** Læknadrama sem gerist á elsta ríkisspítalanum í New York.
- 02.30 Good Trouble**
- 03.15 Interrogation**
- 04.00 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregni**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegjð Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegjð**
- 13.00 Dánarfregni**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Lofthelgin**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Frjálsar hendur**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Krakkakastið**
- 18.50 Veðurfregni**
- 18.53 Dánarfregni**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsgagan. Í verum, fyrra bindi (26 af 27)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregni**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**
- 00.00 Fréttir**

Stöð 2 Bíó

- 12.30 Dan Soder. Son of a Gary**
- 13.30 The Leisure Seeker**
- 15.20 All Things Valentine**
- 16.45 Dan Soder. Son of a Gary**
- 17.45 The Leisure Seeker**
- 19.35 All Things Valentine**
- 21.00 Banana Split**
- 22.20 Anna**
- 00.15 Angel of Mine**
- 01.50 Banana Split**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Divorce**
- 09.50 Suits**
- 10.30 NCIS**
- 11.15 Cherish the Day**
- 11.55 The Office**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Friends**
- 13.20 Amazing Grace**
- 14.05 Matargleði Evu**
- 14.35 Insecure**
- 15.05 Katy Keene**
- 15.45 The Masked Dancer**
- 16.50 Veronica Mars**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Shark Tank**
- 19.55 Masterchef USA**
- 20.35 The Dog House**
- 21.30 Hamilton**
- 22.15 SurrealEstate**
- 22.55 Last Week Tonight**
- 23.30 The Wire**
- 00.30 Afbrigði** Hvernig er að skapa nýtt samfélag frá grunni, og segja skilið við það hefðbundna? Skyggst er inn í líf fólks sem lifir í óhefðbundnu fjölskylduformi og óhefðbundnum húsa-kynnum við rætur Esjunnar.
- 00.55 Intruder**
- 01.45 Grey's Anatomy**
- 02.30 Insecure**
- 03.00 The Office**
- 03.20 Friends**

Stöð 2 Sport

- 08.00 Seinni bylgjan**
- 09.00 ÍBV - Stjarnan** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
- 10.20 Valur - Haukar**
- 11.45 Seinni bylgjan**
- 12.45 Fram - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 14.10 FH - KA**
- 15.35 Seinni bylgjan**
- 16.50 Valur - Haukar**
- 18.15 Seinni bylgjan**
- 19.15 KR - Njarðvík** Útsending frá leik í Subway deild karla í körfubolta.
- 20.55 Subway Körfuboltakvöld karla**
- 21.55 Haukar - KP Brno**
- 23.40 Subway Körfuboltakvöld kvenna**

Stöð 2 Sport 2

- 07.00 Football League Show**
- 07.25 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar**
- 07.50 Fréttapáttur Evrópu deildarinnar**
- 08.40 QPR - Nottingham Forest**
- 10.20 Ensku deildabikarmörkin**
- 10.45 PSG - Leipzig**
- 12.25 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar**
- 12.55 Atalanta - Manchester United** Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 14.55 Bayern - Benfica** Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 17.00 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar**
- 17.25 Manchester United - Atalanta**
- 19.15 Meistaradeildin - Upphitun**
- 19.50 Dynamo Kiev - Barcelona** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 22.00 Meistaradeildarmörkin**
- 22.45 Lokasóknin**
- 23.40 Juventus - Zenit**

Tveir góðir á **30% afslætti**

Bjarg MB+

VERÐ NÚ
77.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
112.900 kr.



P90

VERÐ NÚ
77.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
112.900 kr.



H1 rafmagnsborð

30%

afsláttur

NÝ SENDING
NOKKRIR LITIR Í BOÐI

VERÐ NÚ FRÁ
61.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
89.500 kr.



www.hirzlan.is

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Verlun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Lager opin
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Hvað er að fréttá?



Tobba Marinós dóttir **granóladróttning** „Það er náttúrulega bara brjálað að gera á barnum hérna, sem maður vill að þið farið á, og

hamlar því að ég fari á alvöru bari, Nú er ekkert „happy hour“ lengur, bara partíkúlur og engiferskot,“ segir Tobba Marinós á Granólabarnum. „Sem er nú kannski bara

ágætt í haustlægdinni en svona almennt þá er ég orðin ógeðslega spennit fyrir jólinum. Byrjuð að kaupa jólagjafir á fullu þannig að ég er alveg byrjuð í þessum pælingum og hvernig ég get gert einhverja svona sykurlausa jólakonfektpakka og bjargað þjóðinni frá andlegu þroti kolvetnisþoku og sykursvita í marga mánuði. Ég get líka ekkert lengur treyst á að Kalli og Baggalútur geti borgað eitthvað. Maður veit aldrei með þetta Covid.“ ■



Ferðapjónustubóndinn og fyrrverandi plötuútgefandinn Steinar Berg skemmtir gestum sínum með rúmlega 3.000 vinyllötum og goðsagnakenndum hljómflutningstækjum sínum. MYND/ADSEND

Grasasnar heiðra goðsögn

Steinar Berg og félagar í hljómsveitinni Grasönum fagna útkomu vinyllötunnar Prine sem átti að koma út 2016 til heiðurs tónlistarmanninum John Prine sjötugum. Platan endaði hins vegar sem minnisvarði því Prine varð Covid að bráð á síðasta ári.

toti@frettabladid.is

„Við byrjuðum á þessu 2015 og ætluðum að klára hana á einu ári og stefndum á útgáfu 10.10.2016 til að fagna 70 ára afmælisdegi John Prine. Við náðum þessu síðan núna á þeim 75., rúmu ári eftir að Covid tók hann,“ segir Steinar Berg Ísleifsson, söngvari og kassagítarleikari hljómsveitarinnar Grasasna.

„Þetta er önnur platan okkar en það eru eitthvað um tíu ár síðan við byrjuðum að vinna saman,“ segir Steinar, sem er í Grasönum ásamt þeim Sigurbóri Kristjánssyni sem trommar og syngur, Halldóri Hólm Kristjánssyni sem plokkar bassann og þenur einnig raddböndin og Sigurði Bachmann á raf- og kassagítar.

„Við æfðum reglulega í mörg ár og erum vel spilandi og allt í góðu sko en þetta hefur verið mjög erfitt síðustu ár. Menn eru í öðrum störfum og síðan hefur alls konar komið upp. Ég er í ferðapjónustu og það er búið að vera svo bilað að gera eftir að það opnaðist aftur,“ segir Steinar, sem rekur ferðapjónustu í Fossatúni í Borgarnesi en verður líklega lengi þekktastur sem sá umsvifamikli hljómplötuútgefandi sem hann var á síðari hluta liðinnar aldar.

Heillaðist fyrir hálfri öld

„John Prine er heiðraður á þessari plötu en á fyrri plötunni vorum við

reyndar með eitt lag eftir hann,“ segir Steinar og bætir við að hann hafi fallið fyrir tónlist Prine strax í upphafi og hafi síðar kynnt hina Grasasnana fyrir honum.

„Ég keypti mér John Prine plötu 1971 og hreifst mjög af honum og hef verið einlægur aðdáandi hans síðan, ef svo má segja. Það er eitthvað sem talar til mín í tónlistinni og textunum ekki síður. Ég flutti hana inn í hljómdeild Faco og vildi láta aðeins með hann.“

Steinar segir einhver sex, sjö ár síðan honum datt í hug að gera næstu plötu hljómsveitarinnar með lögum Prine og heiðra hann þá á 70 ára afmælisdeginum. „Og við byrjuðum árið áður en svo dróst þetta og hann, blessaður, var tekinn í burtu af Covid fyrir rúmu ári síðan.“

Glæsilegur endaspjettur

Steinar bendir á að það sem af er þessari öld hafi vegir Prine legið mjög upp á við. „Hann fékk Grammy fyrir plötuna Fair and Square 2005 og svo var síðasta platan sem hann gaf út 2018 bara metsöluplata.“

Hann fyllti öll tónleikahús, var tekinn inn í Songwriters Hall of Fame og eftir að hann dó á síðasta ári vann hann Grammy-verðlaun fyrir síðasta lagið sem hann tók upp, I Remember Everything. Þannig að vegur hans óx ansi hratt eftir að við ákváðum að byrja á plötunni. Það er alveg satt. Það er bara svoleiðis.“

Platan hefur verið aðgengileg á Spotify um skeið en var að koma út á vinyll. „Það verður að segjast eins og er að þegar maður heldur á þessum vinyll þá er maður eiginlega með verkið sem við ætluðum að senda frá okkur í höndunum. Fyrir okkur snýst eignlega allt um vinyll-



Þannig að vegur hans óx ansi hratt eftir að við ákváðum að byrja á plötunni. Það er alveg satt.

útgáfuna sem okkur finnst bara mjög flottur pakki,“ segir Steinar.

Sérstaða vinylsins

Steinar segir aðspurður að sterk endurkoma vinyllötunnar í seinni tíð hafi ekki komið honum, sem gömlum útgefanda, mjög á óvart. „Ég er örugglega einn af þeim fáu sem aldrei pakkadi niður mínum vinyll og þegar ég flutti hingað upp í Fossatún þá hef ég alltaf haft vinyllinn uppi við,“ segir Steinar.

„Vinyllsafnið mitt, yfir 3.000 plötur, er í kvöldverðarsalnum og fólk er að koma hérna sérstaklega til þess að velja vinyllplötur með kvöldverðinum. Það er bara svoleiðis stemning í gangi að fólk finnst alveg ofsalega gaman að beygja sig og teygja eftir vinyllplötunum frekar en að hlusta á einhverja endalausar playlista.“

Steinar segir óhætt að tala um sérstaka athöfn þegar plata er sett á fóninn og sú athöfn fari fram hjá honum á hverju kvöldi. „Við höfum skapað okkur sérstöðu út á vinyllinn og „legendary“-græjurnar og fjörutíu ára gamla hátalarana sem ég er með. „Menn koma hingað líka til þess að skoða það,“ segir Steinar og hlær. ■

John Prine 1946-2020

Bandaríski tónlistarmaðurinn John Prine var 73 ára gamall þegar Covid dró hann til dauða 7. apríl 2020. Nýja Grasasnaplatan er tileinkuð minningu Prine, sem er almennt talinn til fremstu söngvaskálda Bandaríkjanna.

„Hann var hógvær maður sem reyndi aldrei að trana sér,“ segir Steinar Berg og bendir á að Prine hafi verið bréfbær áður en tónlistarferillinn hófst með plötu sem bar nafn hans og kom út 1971.

„Hann var bæði mikill hómoristi og oft smá súrrealískur en svo var hann beittur líka án þess að vera nokkurn tímann yfir sig kaldhæðinn eða nasti.“

Sem einlægur aðdáandi Prine er Steinar í félagskap ekki ómerkari manna en Kris Kristofferson og Bob Dylan. „Á þessum tíma var svona leit að nýjum



John Prine árið 2009.

Bob Dylan í gangi og hann var einn kandidatinn í það og síðan gaf Bob Dylan út yfirlýsingu þar sem hann nefndi John Prine sem einn af uppáhaldslagahöfundum sínum. Tónlistin hans féll svoltið á milli og var hvorki kántrí né rokk,“ segir Steinar þegar hann nefnir Prine sem einn af frumkvöldum tónlistarstefnum sem nú er kennd við Americana.

Prine fékk nokkra upphefð undir lok ferilsins þegar hann var tekinn inn í Songwriters Hall of Fame 2019.

Þá hlaut hann heiðurs Grammy-verðlaun fyrir ævistarf sitt í tónlist og að honum látnum fékk hann tvönn verðlaun fyrir sitt síðasta lag, I Remember Everything, á Grammy-hátíðinni í vor.



STILLANLEGIR
DAGAR

25%
AFSLÁTTUR

SETTU ÞIG Í STELLINGAR
FYRIR BETRI SVEFN

MEÐ ÞVÍ EINU AÐ SNERTA TAKKA GETUR ÞÚ STILLT
RÚMIÐ Í HVADA STELLINGU SEM ÞÉR HENTAR

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði. Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Þannig tryggir þú rétta svefnstillingu hver sem svefnstaða þín er og hjálpar þér að ná dýpri og betri svefni. Hægt er að sérsníða rúmið eftir þínum þörfum; velja um þrjá mismunandi stífleika sem og fjórar mismunandi toppdýnur. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterkt, ofnæmisfrítt og andar vel.

Serta Splendid stillanlegt heilsurúm með Ocean gaffli og HR toppi. 2x90x200 cm. Fullt verð: 679.900 kr.

Tilboð 509.925 kr.



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

Betra
BAK

Nýtt

/ SEGNO

PARKET

 Tarkett

KOMDU OG FÁÐU TILBOÐ Í GÓLFID ÞITT

Viðarparket á mynd: Tarkett Segno Oak Grey



Opið mánud. - fimmtud. frá 08:00-18:00 /
föstudaga 08:00 - 17:00 / Laugard. 10:00-14:00

 **ALFABORG**
- allt a gólfid -

Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Jólakevöld

3. NÓVEMBER

KL. 19-22

JÓLABÆKLINGUR

WWW.HUSGAGNAHOLLIN.IS



Segulmagnaður sandur Grænlands togar í Antoníu

Leirlistakonan Antonía Bergþórsdóttir hefur sótt hráefni til listsköpunar sinnar til Grænlands þar sem hún er nú í hópi íslenskra listakvenna til þess að taka þátt í listsýningu í Nuuk og efla tengslin við þarlandar listakonur í gegnum náttúruna.

odduaevar@frettabladid.is

„Loksins,“ segir leirlistakonan Antonía Bergþórsdóttir, eldhress með að vera komin til Grænlands í þriðja skipti. Hún segist vera mjög áfram um að efla tengslin milli Íslands og Grænlands þar sem hún er orðin öllum hnútum kunnug eftir að hafa sótt sér leir þangað í tvígang og kennt leirkerasmíði í leiðinni.

Antonía er að þessu sinni í för með málaranum Írisi Mariu Leifsdóttur, Yelenu Arakelow dansara og Söru Flindt tónlistarkonu en í maí og júní á næsta ári ætla síðan grænlenkar listakonur að endurgjalda þeim heimsóknina.

Þessir tveir hópar listakvenna hafa sameinast um verkefnið Samferða | Ingerlaaqatigiinneq. „Sem miðar að því að fá grænlenkar listakonur til Íslands og íslenskar listakonur til Grænlands,“ útskýrir Antonía. „Og við erum að taka þátt í listahátíðinni Nuuk Nordic Culture-festival og verðum, svo fátt eitt sé nefnt, með tónleika, danssýningu, myndlistar- og leirkerasýningu,“ heldur Antonía áfram.

Segulmagnaður sandur

Antonía segir sandinn á Grænlandi kjörinn til leirgerðar en þær stöllur hafa undanfarna daga dvalið í bænum Sisimiut og meðal annars leitað að grænlenkum jarðefnum á nærliggjandi ströndum.

„Við fundum til dæmis sand sem er „magnetic“. Magnaður sandur,“ segir Antonía um segulmagn strandlengjunnar. „Þetta eru þínulitlir kvartkristallar plús sandur sem heitir tungsteinn og er málmur sem er segulmagnaður,“ segir hún.

Antonía segir í raun magnað hversu lítil samskipti séu á milli þessara næstu nágrannaþjóða og segist hvergi nærri búin að fá nóg af islandinu.

„Alls ekki! Það verður lífstíðar-



Antonía Bergþórsdóttir sækir margt annað til Grænlands en sandinn.

MYND/ADSEND



Segulmagnaður sandurinn er í sjálfu sér listaverk frá náttúrunni.



Ég held að það sé mikilvægt að nágrannaþjóðirnar vinni meira saman.

verkefni að koma hingað. Við eigum svo margt sameiginlegt og fólkið er yndislegt og áhugasamt og ég held að það sé mikilvægt að nágrannaþjóðirnar vinni meira saman. Líka á listrænan hátt.“ ■

Krufningar á furðum dauðans heilla

odduaevar@frettabladid.is

Áhuginn á námskeiðinu Réttarlæknisfræði fyrir rithöfunda sló þannig í gegn hjá Endurmenntun Háskólans í september að réttarlæknirinn Pétur Guðmann Guðmannsson endurtók leikinn í síðustu viku.

Á námskeiðinu er meðal annars farið yfir líkkrufningar í máli og myndum sem eru ekki fyrir viðkvæma og aðkomu réttarlækna að rannsóknum dauðsfalla sem gæti hafa borið að með saknæmum hætti. Þá eru tíundaðar ýmsar mýtur, furður og jafnvel lífseigar ranghugmyndir um dauðann og það sem tekur þá við.

Pétur segir aðspurður að kennslan á námskeiðunum hafi gengið rosalega vel og hann vonast til þess að geta haldið námskeiðið aftur þar sem enn hafa ekki allir sem vilja komist að.



Pétur Guðmann Guðmannsson, réttarlæknir

„Þetta er eiginlega nýtt hjá mér að vera að tala um þetta við fólk sem er ekki fagfólk í bransanum vegna þess að viðfangsefnið náttúrulega er mjög lifandi í þessum kreativa heimi, heimi rithöfunda og þeirra sem eru að skrifa efni í sjónvarp og svona.“

Þetta er mjög skemmtileg samræða milli mín, sem fagmanns, og þeirra á sköpunarhlíðinni og það koma fram ótrúlega margar skemmtilegar spurningar, þælingar og punktar sem eru jafnvel bara

mjög gagnlegir fyrir mig að velta fyrir mér.“

Pétur segist oft hafa rekist á rangfærslur um réttarmeinafræði í glæpasögum en heldur skáldaleyfi rithöfunda vandlega til haga. „Já, algjörlega. Það er mispirrandi náttúrulega. Yfirleitt hefur það eitthvað að gera með til dæmis umgjörðina. Mér finnst allt í lagi þó réttarlæknar séu látnir yfirheyra fólk og keyra um undir bláum ljósum.“

Rithöfundarnir hafa skáldaleyfi og mega alveg ljúga og segja að hlutirnir séu aðeins öðruvísi en ég svona gef þeim allavega hráefni sem þeir geta þá unnið með og byggt ofan á,“ segir Pétur og áréttar að réttarlæknirinn sé og verði alltaf að vera hlutlaus. „Jafnvel þótt maður vildi stundum vilja fylla í eyðurnar með einhverju þúsi til að skapa einhverja mynd eða senu, þá gerir maður það ekkert í fagmennskunnar nafni.“ ■



HÚSGAGNA
HÖLLIN


www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

- JÓLIN KOMA BRÁTT -

BETRI GRAFINN & REYKTUR LAX

KOMIÐ OG SMAKKIÐ!



FORPANTANIR fram að jólum
í verslun okkar að Bergstaðastræti 14



Bakþankar

Benedikts Bóasar
 Hinrikssonar



Sverrir yfirheyrður

Hvernig á að halda fólki við efnið þegar kemur að sjónvarpsþáttum? Auðveldasta leiðin er að skoða hvernig teymið sem klippir Bachelor-þáttaraðirnar til gerir. Þar sagast áhorfandinn inn og talar um það sem mun gerast í heila viku.

Þeir sem standa að Ófærð eru ekki í BachelorNation. Það er augljóst. Það liðu ekki nema tólf sekúndur frá því að Sverrir stökk út í sjó í Adidas-smellubuxunum sínum og þar til hann birtist í yfirheyrslu í kitlu fyrir næsta þátt.

„Það er eitthvað sem gengur ekki upp,“ sagði einn karakterinn í sömu kitlu. Nó shit. Þetta meikar allt saman ekkert sens. Ekki frekar en þáttaröð 1 og rétt upp hönd sem kláraði þáttaröð númer 2.

Manchester United tapaði fyrir Liverpool um daginn á heimavelli 5-0. Þá sagði einn knattspyrnu-spekingurinn að það væri eins og Manchester-liðið hefði aldrei séð Liverpool spila síðustu þrjú ár miðað við mistökin sem þeir voru að gera.

Það er alveg hægt að heimfæra það yfir á Ófærð. Það er eins og þeir sem sköpuðu þennan Ófærðarheim hafi hreinlega ekki horft á sjónvarp síðustu ár. Því allt er eitthvað svo skrytið, hægt og eiginlega svolítið leiðinlegt. Því miður. Eins mikið og maður vill halda með þessu.

Miðað við aldur og fyrri störf Baltasars Kormáks, sem er einn af okkar bestu kvikmyndasönum, þá vantar allt Hollywood í Ófærð. Það vantar einhvern neista. Eitthvað sem gleður því þegar maður sest niður og horfir er eins og maður sé að horfa á leikara sem vilja ekkert vera þarna. Það má skrifa á þann sem ber ábyrgð. ■

★ GERÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



BODYPRINT® **Reverie**
 Sleep well tonight. Live better tomorrow.™

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU - EIN ALLRA
 BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 539.900.-

RISA SENDING AF RÚMFÖTUM

Í SVÖRTU
 KÖSSUNUM

EITT MESTA
 ÚRVAL
 LANDSINS

YFIR 100
 TEGUNDIR



Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/æða breytingar.

PANDORA HÆGINDASTÓLAR

HLEÐSLUSTÓLL MEÐ
 3 MÓTORUM

Verð frá kr. 249.900

FALLEG
 HÖNNUN OG
 ÞÆGINDI



NÝ
 SENDING

MODULAX HÆGINDASTÓLAR

MEÐ SKEMLI

Verð frá kr. 169.900



DURANCE JÓLAILMUR 2021

ER KOMINN Í HÚS



Svefn & heilsa
 ★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



FRÉTTA
 VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

Fréttumfjöllun fyrir alla
 kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttumfjöllun fyrir alla
 í opinni dagskrá á virkum dögum
 á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSADILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði
 og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDS-
 MANNA SEFUR Á DÝNU
 FRÁ SVEFN & HEILSU*
 *Samkvæmt könnun frá Gallup.